



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. janúar 2005 – 23. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR

ÞRIÐJUDAGUR

EKKI Á MÓTI

BIRTINGU

Haldór Ásgrímsson sagði á Alþingi í gær að sín vegna mætti utanríkisráðgjafi birta trúnaðarupplýsingar frá fundum nefndarinnar um Íraksmálið. Þeim hafi hvort eð er þegar verið lekið í fjölmiðla. Sjá síðu 2



ALÞINGI SAMÞYKKTU ANNAD EN

TIL STÓÐ

Forsætisráðherra segir að mönnum hafi yfirsést á möguleiki að fyrerverandi ráðherrar gætu þegið eftirlaua á sama tíma og þeir gegndu starfi á vegum hins opinbera. Hann segir ástæðu til að taka málið til athugunar. Sjá síðu 4

FORMANNSLAGUR Í FJÓRA


MÁNUÐI

Landsfundur Samfylkingarinnar verður haldinn 22. til 24. maí í stað þess að biða til hausts eins og stefnt hafði verið að. Kosid verður á milli formanns og varaformanns í fyrsta skipti í íslenskum stjórnmálum í fjórtán ár í kosningu upp á pólitískt líf eða dauða. Sjá síðu 6

HÚSALEIGA HEFUR HÆKKAD

Gríðarleg aukning á sér stað á húsnæðismarkaði og í byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á Egilsstöðum og hefur verið á húsnæði hækkað gríðarlega. Sama gildir um húsaleigu. Sjá síðu 8

VEDRID Í DAG



HLÁKA FRAM EFTIR VIKUNNI

MEÐ NOKKRUM HLÝNDUM UM

ALLT LAND

Rigning á suðvesturhorninu í dag en annars þurr næstu daga. Sjá síðu 4

DAGURINN Í DAG



ÁTAK GEGN SPILLINGU


Kristján Guy Burgess, stjórnmálafræðingur og blaðamaður, fjallar um alþjóðlegt átak gegn spillingu á vegum samtakanna Transparency International í fyrirlestri á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í stofu 102 í hádegjunni.

Kvikmyndir	26	Myndlist	26
Tónlist	26	Íþróttir	28
Leikhús	26	Sjónvarp	28

Meðallestur dagblaða

18-40 ára

62%



Fréttablaðið Morgunblaðið

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004

# Byggð á Íslandi kann að vera í hættu

Ef ekki tekst að snúa hlýnun jarðar við á næstu tíu árum verður það hugsanlega of seint, samkvæmt nýrri skýrslu um loftslagsbreytingar. Samkvæmt henni kann að verða óbyggilegt á Íslandi.

UMHVERFISMÁL Eftir tíu ár kann að vera of seint að snúa við veðurþróun sem leiðir til hlýnunar jarðar. Afleiðingarnar verða gífurlegar og geta meðal annars leitt til bráðnunar Grænlandsjökuls og þess að Golfstraumurinn breyti um leið en hann gerir Ísland byggilegt. Þetta kemur fram í skýrslu sem birt verður í dag og breska blaðið The Independent greindi frá í gær.

Skýrslan er unnin af hópi háttsettra stjórnmálamanna, forystumanna í viðskiptalífi og fræðimanna. Hún er hugsuð sem inn-

legg í umræðu átta stærstu iðnríkja heims og sett fram á sama tíma og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hefur lofað að mæla fyrir stefnumótun ríkjahópsins um loftslagsbreytingar.

Í skýrslunni er í fyrsta sinn lagt mat á við hversu mikla hlýnun þróunin verður óumflýjanleg. Hækki meðalhita um tvær gráður á Celsius umfram meðalhita ársins 1750 segja skýrsluhöfundar að ekki verði aftur snúið. Hitastig haldi áfram að hækka, sjávarmál hækki, skógar eyðist, vatnsskorts gæti í meiri mæli og aukin hætta

verði á náttúrufarslegum stórslusum svo sem því að Grænlandsjökull bráðni og að Golfstraumurinn heyrri sögunni til. Sjáastnefnda atriðið myndi gera Ísland óbyggilegt.

Samkvæmt útreikningum í skýrslunni kann að fara svo að einungis tíu ár líði þar til þróunin verði óumflýjanleg, þó það taki lengri tíma að koma í ljós.

Hlýnunin er reiknuð út frá meðaltalshita í kringum árið 1750 því þá var iðnyltingin ekki hafin. Síðan þá hefur meðalhitið hækkað um 0,8 gráður. Forsendur fyrir

hlýnun næsta ár eru metnar út frá magni koldíoxíds í andrúmsloftinu, það er nú 379 einingar á hverjar milljón einingar andrúmslofts en skýrsluhöfundar segja að fari það yfir 400 einingar verði ekki aftur snúið. Miðað við aukningu síðustu ára gerist það á næstu tíu árum.

„Umhverfistímasprengja telur niður,“ hefur The Independent eftir Stephen Byers, fyrrum samgönguráðherra Bretlands. Hann er einn af forystumönnum hópsins sem stendur að skýrslugerðinni. -þþg



**HÁLKA Í HÖFUÐBORGinni** Ingi Þór Birgisson ríghélt í afa sinn, Hafstein Rósinkarsson, þegar sá stutti var nærri dottinn í hálkunni við Naustabyggju í Reykjavík í gær. Mikil háлка og bleyta var á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar hlýnda síðustu daga og urðu gangandi vegfarendur að vera varir um sig.

Formannslagur Samfylkingar í vor:

## Vilja ekki verða varaformenn

STJÓRNMÁL Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar samþykkti á fundi sínum síðdegis í gær að halda landsfund sinn í vor í stað þess að halda hann í haust eins og áður hafði verið ákveðið. Verður fundurinn haldinn í Reykjavík dagana 22.-24. maí. Þrjú títu dögum fyrr hefst póstkosning um formann flokksins. Tveir eru í kjöri;

Óssur Skarphéðinsson, sem gefur kost á sér til endurkjörs, og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varaformaður. Atkvæði verða talin sama dag og flokksþing hefst og úrslit tilkynnt í byrjun flokksþings. Varaformaður verður kosinn á sjálfum fundinum. Miklar líkur eru á að kosningin verði upp á pólitískt líf eða dauða frambjóð-

enda. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir segir að hún sitji ekki áfram í varaformennsku tapi hún kosningunni: „Ég myndi ekki gefa kost á mér í varaformennsku“. Sama er uppi á teningnum hjá Össuri: „Nei, ég hef ekki gefið þessu gaum. Ég starfa í þeirri einbeittu vissu að ég hafi unnið flokknum vel og muni sigra.“ - ás

Skógrækt í fimmtán ár:

## Hefur fimmfaldast

UMHVERFISMÁL Skógrækt á landinu hefur fimmfaldast síðan Skógrækt ríkisins var flutt frá Reykjavík til Egilsstaða fyrir fimmtán árum, að sögn Jóns Loftssonar skógræktarstjóra. Skógræktin var fyrsta ríkisstofnunin sem flutt var frá Reykjavík.

Miklar breytingar hafa orðið á skógrækt síðan þá. Áður ræktaði stofnunin skóg fyrir þjóðina en nú eru það fyrst og fremst bændur sem sjá um skógræktina meðan stofnunin sinnir ráðgjöf, rannsóknunum og stjórnsýslu.

Jón segir vonir standa til að skógrækt geti enn aukist og vísar til aukins áhuga, hlýnandi loftslags á norðurlöðum og möguleika tengdra Kyoto-bókuninni um losun gróðurhúsalofttegunda.

Uppfylling Kyoto getur að hans mati skipt efnahag þjóðarinnar verulegu máli og í því gegnir skógrækt mikilvægu hlutverki. „Við getum þá bundið koltvísýring á mót því sem við mengum.“ Jón nefnir sem dæmi að með skógrækt megi binda koltvísýring sem útgerðin losar. Sjá síðu 20

Bildudalur:

## Hús rýmd

SNJÓFLÓDAHÆTTA Fjögur hús voru rýmd á Bildudal seint í gærkvöld vegna snjóflóðahættu. Lögreglan á Patreksfirði segir að húsín séu við Gilsbakkagil og gripið hafi verið til þessa af öryggisástæðum.

Í gærkvöld var talið að íbúar húsanna yrðu að vera að heiman í nótt. Að sögn lögreglu dvelur fólk í hjá vinum og kunningjum.

Lögreglan á Patreksfirði hefur þá fimm sinnum þurft að rýma hús í vetur; þrisvar í bænum sjálfum, einu sinni á Tálknafirði og nú á Bildudal. -ghg



# Tvöfaldir\* Tvöfaldir\*

Nú færðu bæði ódýrt eldsneyti og punkta  
í Vildarklúbb Icelandair

## Frábær ferðaleikur

Í hverri viku fram til 11. febrúar eru dregnir  
út þrjú Vildarkorthafar sem fá glæsilegan  
ferðavinning fyrir tvo til Evrópu með Icelandair.  
Að auki verða dregnir út 10 Vildarkorthafar sem  
fá 50 þúsund Vildarpunkta.

ICELANDAIR  
Vildarklúbbur



14 stöðvar

[www.ob.is](http://www.ob.is)



# CR-V

**HONDA**  
The Power of Dreams

## 4x4xfjölskyldubíll



HER & NU / SIA

Verðlaun

Eftirsóttasti borgarjippinn í sínum flokki (Edmundsson.com)  
Bestu kaupin í sínum flokki (InteliChoice)  
Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)  
Fyrsti borgarjippinn til að fá 5 stjórnur í fram- og hliðarárekstrarprófi (NHTSA)

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins  
**2.749.000** kr.  
**35.160** á mánuði\*

**Komdu í Bernhard, Vatnagörðum**  
og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa [honda.is](http://honda.is)



Nýr Honda CR-V er kominn á götuna. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn, endurhannaður að innan sem utan. Fram- og hliðarloftþrúðar, ABS hemlar, ásamt vali um spólvörn, skriðvörn og loftþrúðagardínur er meðal þeirra þátta sem tryggja öryggi og akstursegginleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tómmu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan. Hvort sem þú ætlar að skjótast út í búið eða stínga af úr bænum, fjölhæfur CR-V rennir þér léttilega á staðinn. Sestu inn og uppgötvaðu allt rýmið fyrir fjölskylduna, vinina og farangurinn sem fylgir.  
**Honda CR-V enn betur búinn, ný tækni og ný hönnun á ótrúlega góðu verði.**

**BERNHARD**  
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100  
[www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

\* Bllasamningur Lýsingar - 10% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. \*\* Bll á mynd er CR-V Executive



## KJÖRKASSINN

Hefurðu farið á skiði á árinu?

Niðurstöður gærdagsins á [vísir.is](#)

Já	9,4%
Nei	90,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgistu með heimsmeistararmótinu í handbolta?

Farðu inn á fréttahluta [vísir.is](#) og segðu þína skoðun



Skattsvik:

## Ráðherra í fangelsi

**ÍRLAND, AP** Ray Burke, fyrrum dómáttaráðherra Írlands, var í gær dæmdur í hálfis árs fangelsi fyrir skattsvik. Burke er fyrsti háttsetti stjórnmála- eða embættismaðurinn sem dæmdur er í fangelsi í kjölfar átta ára langrar rannsóknar á spillingu háttsettra stjórnmálamanna. Áður hafa nokkrir þingmenn verið dæmdir í fangelsi.

Burke þáði leynilegar greiðslur frá verktökum 1993 og gaf þær ekki upp til skatts. Hann sagði af sér árið 1997 eftir að upp komst um spillingu í stjórnkerfinu en neitaði árum saman að hafa gert nokkuð rangt sjálfur. Hann játaði hins vegar sök sína í fyrra. ■

Áfengiseinkasala:

## Grunur um spillingu

**NOREGUR, AP** Norska áfengiseinkasalan hefur ráðið utanaðkomandi lögfræðing til að rannsaka hvort starfsmenn stofnunarinnar hafi þegið mútur af áfengiseildsölum. Fjórtnán manns sæta rannsókn á því hvort þeir hafi þegið óeðlilegar gjafir.

Margir þeirra sem sæta rannsókn eru verslunarstjórar sem eru grunaðir um að taka við gjöfum eða sitja veislur í boði Ekjörd, stærsta áfengisnflytjanda Norðs. Komast á að því hvort það hafi ráðið einhverju um innkaup þeirra. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**PARTÍ Á SUNNUDEGI** Tvö útköll bárust lögreglunni í Keflavík á næturvaktinni aðfaranótt mánu dags vegna hávaða í partíum í heimahúsum, annað í Keflavík og hitt í Sandgerði.

Vinumálastofnun:

## Atvinnuleyfi gefin út í dag

**IMPREGILO** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, býst við atvinnuleyfi fyrir hóp erlendra verkamanna til starfa hjá Impregilo verði gefin út í dag. Ekki er enn ljóst hversu mörg atvinnuleyfi verða gefin út.

Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo, segir að dragist útgáfa atvinnuleyfanna mikið lengur komi það til með að hafa alvarleg áhrif á framkvæmdir á stíflusvæðinu. Hver dagur skipti máli.

„Það er ljóst að nú þegar hafa framkvæmdir við stífluna dregist um nær mánuð,“ segir Ómar. Fái Impregilo ekki starfsfólk til að vinna við framkvæmdirnar sé



ekki við fyrirtækið að sakast tefjist framkvæmdir. 27 Kínverjar séu meðal þeirra sem biði leyfanna á hótélum í Peking. Það sé Impregilo mjög kostnaðarsamt. Sextán séu enn í norðurhluta Kína.

Gissur segir að sótt hafi verið um atvinnuleyfi fyrir hátt á þriðja hundrað manns. Í sumum tilfellum vanti ennþá starfsréttinda-vottorð og því sé ljóst að ekki verði gefin út atvinnuleyfi fyrir allan hópinn.

- ghs/gag

### GISSUR PÉTURSSON

Forstjóri Vinnumálastofnunar telur líklegt að atvinnuleyfi verði gefin út í dag. Hve stór hópurinn verður veit hann ekki nákvæmlega. Ákvörðun verður að líkindum tekin eftir hádegið.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR OG ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON  
Fjórtnán þúsund manns eru skráðir í Samfylkinguna og hafa kosningarétt.

# Formannsslagur í fjóra mánuði

Landsfundur Samfylkingarinnar verður haldinn seint í maí, ekki í haust.

**STJÓRN MÁL** Framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar samþykkti á fundi sínum síðdegis í gær að flýta landsfundi flokksins. Fundurinn verður haldinn 22.-24. maí. Karl Th. Birgisson, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, segir að séu margvísleg rök fyrir því að halda fundinn í vor en ekki í haust: „Sveitarstjórnarmenn hafa áhyggjur af að landsfundur í haust muni trufla byrjun kosningabaráttunnar í sveitarstjórnunum. Átök um formennsku í flokknum virðast komin af stað og við viljum öll ljúka þessu af sem fyrst.“

Fjórtnán þúsund manns eru skráðir í Samfylkinguna og hafa kosningarétt. Þeir þingmenn Samfylkingarinnar sem Fréttablaðið hefur rætt við eru sammála um að

langlíklegast sé að slegist verði upp á pólitískt líf eða dauða þeirra Óssurar Skarphéðinssonar formanns og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur varaformanns. Ingibjörg Sólrún vill ekkert segja um hvort hún muni hætta í stjórn málum ef hún tapi: „Ég gæfi alla vega ekki kost á mér til varaformennsku.“ Samherjar Óssurar segja sama uppi á teningnum hjá honum og hann sjálfur gefur frá sér varaformennsku: „Nei, ég hef ekki einu sinni gefið því gaum.“

Margir líta svo á að kosningabaráttan hafi hafist með yfirlýsingum stuðningsmanna Ingibjargar Sólrúnar í síðustu viku.

Frambjóðendurnir eru þegar komnir í hár saman um fylgi verkalýðshreyfingarinnar. Stuð-

ingur Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra ASÍ, við Ingibjörgu Sólrúnu hefur farið mjög fyrir brjóstið á Óssuri Skarphéðinssyni: „Þeir lifa á steinöld sem telja að verkalýðshreyfingin eigi að blanda sér í innanflokksátök.“

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir Gylfa Arnbjörnsson hafa fulla heimild til að tjá persónulegar skoðanir. Sjálfur telji hann ekki tímabært að lýsa stuðningi við frambjóðendur: „Eftirlaunamálið veikti Óssur Skarphéðinsson og aðra stjórnarandstæðinga sem ljáðu máls á að leggja frumvarpið fram.“ Óssur segist sjálfur eiga „þungaviktarmenn“ í stuðningsliði sínu úr verkalýðshreyfingunni.

a.snaevarr@frettabladid.is



### FRÁ FLUGVELLINUM Í BOSTON

Við óveðrið í Boston í Bandaríkjunum lokaðist fyrir flugumferð. Snjóröðningstækja hafa rutt og saltað flugbrautirnar.

Óveður í Boston:

## 240 manns biðu flugs

**FLUGSAMGÖNGUR** Flugvél Ícelandair lagði af stað frá Keflavíkurflugvelli til Bandaríkjanna síðdegis í gær. Hún flutti og sótti farþega sem áttu þantað flug milli landanna á sunnudag en því hafði verið aflýst vegna óveðurs.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Ícelandair, segir röskunina hafa haft áhrif á um 120 farþega beggja vegna Atlantshafsins. Margt fólk millilendi hér á leið til Bandaríkjanna. Það hafi gíst á hótélum:

„Við sendum út stærstu vélina okkar sem tekur rúmlega 220 farþega, þannig að við ættum að ná að taka langflesta með okkur heim.“

- gag

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**UMFERÐARÓHAPP Á BÚLANDS-HÖFÐA** Stýrisbúnaður bifreiðar eyðilagðist þegar ökumaður keyrði á grjót sem fallið hafði úr hlíðum Búlandshöfða og lent á veginum milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur. Ökumaðurinn slapp ómeiddur en hann var einn í bílnum. Skyggni var slæmt þegar óhappið varð. Bifreiðin var dregin burt með kranabíl.

Helsti bandamaður Júsjenkós verður forsætisráðherra:

## Júsjenkó heldur í ferðalög

**RÚSSLAND, AP** Framtíðarsýn Viktors Júsjenkó fyrir Úkraínu vísar í vesturátt en hann hélt í austur í fyrstu opinberu heimsókn sína eftir að hann tók við embætti forseta Úkraínu. Júsjenkó hélt til fundar við Vladímír Pútín Rússlandsforseta í gær þar sem þeir ræddu samskipti ríkjanna.

Pútín studdi Viktor Janúkovitsj, mótframbjóðanda Júsjenkós, í úkraínsku forsetakosningunum, meðal annars vegna þess að Janúkovitsj lagði meiri áherslu á samskipti við Rússland en Júsjenkó. Bæði Júsjenkó og Pútín leggja þó áherslu á að ríkin geti átt góða sambúð.

Sjónir Júsjenkó beinast þó einkum að Vesturlöndum en þangað er hann væntanlegur í vikunni. Hann fer í höfuðstöðvar Evrópuráðsins í Strassborg í dag og á fimmtudag heldur hann á þing Evrópusambandsins í Brussel. Þar



### FORSETARNIR TVEIR

Júsjenkó og Pútín voru á öndverðum meðlið framan af úkraínsku kosningabaráttunni en heita nú góðu samstarfi.

er búist við að hann tali fyrir aðild Úkraínu að Evrópusambandinu.

Júsjenkó skipaði helsta bandamaðmann sinn í stól forsætisráðherra

í gær. Það er Júlía Tímosenkó, sem lék lykilhlutverk í baráttu Júsjenkós fyrir forsetaembættinu. ■

# Drögum í dag

**HAPPDRAETTI HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
vænlegast til vinnings

Svefn & heilsa



SVEFN & HEILSA  
ÞEGAR ÞÚ  
VILT SOFA  
VEL

Það er mikilvægt að sofa og hvílast vel, ég sef vel á heilsudýnu frá Svefn & heilsu.

DÍSA Í WORLD CLASS

# ÚTSÖLUDAGAR



25-70%  
afsláttur

Gildir ekki á öðrum tilboðum

á völdum húsgögnum  
útlitsgölluðum og eldri gerðum  
af heilsudýnum, ásamt ýmsum fylgihlutum.

Rýmum fyrir nýjum vörum

*Chiropractic*

Rýmum fyrir nýjum dýnum

**Sú besta**

samkvæmt stærstu  
samtökum  
kírópraktora í heimi



Verðdæmi:

Silk classic millistífl heilsudýna

Queen kr. ~~129.900.-~~ nú kr. 99.900.-

King size kr. ~~159.900.-~~ nú kr. 129.900.-

**ARCONIT**



*Sleep Series*



Verðdæmi:

Euro 120x200 ~~59.900.-~~ Nú 39.900.- stgr.

Full 135x200 ~~64.900.-~~ Nú 44.900.- stgr.

Queen 153x200 ~~69.900.-~~ Nú 49.900.- stgr.

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKING



REYKJAVÍK

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Gildir meðan  
birgðir endast

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hversu margra marka forystu náði tækneska landsliðið í handbolta á það íslenska í leik þeirra í heimsmeistarakeppninni á sunnudag?

2 Í hvað þýsku borg eru hin nýju skip Samskipa smíðuð?

3 Hver vill ekki mynd af sér á frimerki?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

## Íhaldsflokkurinn: Baráttan þegar töpuð

**BRETLAND** Helsti ráðgjafi Michaels Howard, leiðtoga íhaldsmanna, vegna komandi þingkosninga í Bretlandi, hefur ráðlagt honum að einbeita sér að því í kosningabaráttunni að minnka forskot Verkamanna-flokksins. Ekki þýði að setja markið hærra því kosningarnar séu þegar tapaðar.

Breska dagblaðið The Times greindi frá þessu í gær og sagði að komið hefði til deilna í höfuðstöðvum Íhaldsflokksins. Aðal-kosningaráðgjafinn Lynton Crosby segir Verkamannaflokkinn öruggan um sigur en Saatchi lávarður, einn leiðtoga flokksins, vill berjast til sigurs allt til loka.

Crosby segir meiri líkur á að Íhaldsflokkurinn tapi þing-sætum en felli sitjandi stjórn. ■

**VERÐSAMRÁÐ** Starfsfólk Essó neitaði í liðinni viku viðskiptavinum sínum um yfirlit yfir viðskipti þeirra við félagið undanfarin ár. Töluvert var um að fólk óskaði eftir upplýsingunum eftir að Neytendasamtökin hvöttu almenning til að afhenda samtökunum nótur vegna olfukaupa. Það var gert vegna fyrirhugaðrar skaðabótakröfu sem rekin verður fyrir dómstólum.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að um fjörutíu manns hafi þegar skilað inn nótum og fleiri hafi boðað komu sína í þessari viku.

Hann segir marga hafa kvart-

Essó:

## Fresta afhendingu viðskiptayfirlits



### BENSÍNVIÐSKIPTI

Neytendasamtökin hvöttu fólk til að safna saman nótum um viðskipti við olíufélögin og afhenda samtökunum. Flestir skila nótum frá Essó vegna þess að félagið hefur lengi boðið upp á notkun safnkorts.

að undan viðbrögðum Essó. „Fólk sem hringdi á þriðjudeginum fékk yfirlit en frá og með miðvikudegi var lokað á þetta hjá félaginu.“ Jóhannes segir að flestir sem skili inn nótum hafi verið í viðskiptum við Essó. Það sé vegna þess að félagið hafi lengi boðið upp á notkun svonefnds safnkorts.

Talsmaður Essó segir að félagið hafi viljað meta umfang verksins eftir að viðskiptavinir fóru fram á að fá afhentar nótur. „Þess vegna báðum við fólk um að hringja aftur í þessari viku og ég geri ráð fyrir því að þetta verði afhent.“

- ghg

Öldurhúsakeðja:

## Bannar allar reykingar

**BRETLAND** Wetherspoons-öldurhúsa-keðjan hefur ákveðið að banna reykingar á öllum 650 öldurhúsum sínum frá maí á næsta ári. Bannið tekur þó gildi í maí næstkomandi, á sextíu öldurhúsum Wetherspoons.

„Sífelld fleiri landsmenn eru hættir að reykja og stór hluti heldur sig fjarri krám og veitingahúsum vegna þess hversu reykmettuð þau eru,“ sagði Tim Martin, stjórnarformaður Wetherspoons, í viðtali við Sky-fréttastofuna. Hann gagnrýndi að fyrirhugað reykingabann stjórnvalda gengi of stutt þar sem áfram megi reykja á krám sem bjóða ekki upp á mat. ■

# Húsaleiga hefur margfaldast fyrir austan

Gríðarleg aukning á sér stað á húsnæðismarkaði og í byggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á Egilsstöðum og hefur verð á húsnæði hækkað gríðarlega. Sama gildir um húsaleigu.

**EGILSSTAÐIR** Hátt í 100 íbúðir eru í byggingu eða í farvatninu á Egilsstöðum, þar af er 21 íbúðablokk risin og hefur verið flutt inn í tæpan helming íbúðanna. Verið er að byggja 23 íbúða blokk til viðbótar auk einbýlishúsa á vegum Malarvinnslunnar. Afgangurinn er á vegum annarra fyrirtækja.

Sigurþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Malarvinnslunnar, segir að Íbúðalánasjóður hafi

veitt lán á sérkjörum til þeirra sem hafi viljað byggja leiguíbúðir og þá hafi margir farið af stað. Malarvinnslan hafi verið með lóð undir blokk og því hafi framkvæmdir. Fyrsta íbúðin hafi verið afhent í haust og nú hafi verið flutt inn í tæpan helming íbúðanna, hinar séu tilbúnar en óselðar.

„Maður hefði ímyndað sér að fleiri íbúðir myndu seljast en ég

trúi því að það gerist með hækkanandi sól,“ segir hann.

Fyrirhuguð er bygging verslunar- og þjónustuhúsnæðis á Egilsstöðum þó að ekki sé búið að fastsetja hvenær framkvæmdir hefjast. Til viðbótar mun rísa tveggja hæða verslunarhúsnæði, 250 fermetrar að grunnfleti. Tískuverslunin Sentrum verður þar á götuhæðinni og skrifstofur á efri hæðinni.

Systurnar Þuríður og Margrét Halldórsdætur reka tískuverslunina Sentrum í Miðvangi. Þær segja að rekstur verslunarinnar hafi gengið þar til húsaleiga hafi hækkað og margfaldast. Þær hafi því ákveðið að spila djarft og byggja nýtt tveggja hæða verslunarhúsnæði skammt frá Samkaupum. Framkvæmdir eru hafnar og stefna þær að því að opna í nýju húsnæði á þessu ári.

„Við teljum það vænlegri kost



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### HÚSASMÍÐI

Gríðarlegar framkvæmdir eiga sér stað á Egilsstöðum þessa dagana.

en að leigja á markaðnum. Reksturinn hefur rétt náð að fljóta en nú er enginn grundvöllur fyrir því að leigja. Húsaleigan stendur lítil um fyrirtækjum hér fyrir þrífum og margir hafa hætt, meðal annars út af húsnæðisskortri. Markaðurinn er enn ekki orðinn nógu stór til að sérverslun gangi hér,“ segja þær.

ghs@frettabladid.is

# Nám skeið

### Tungumálanám fyrir félagsmenn BSRB:

Danska (30 og 60 st.)  
Enska (30 og 60 st.)  
Spænska (30 og 60 st.)  
Fyrstu námskeiðin hefjast 31. janúar

### Fyrir almenning:

Skref til sjálfshjálp - lestur og stafsetning  
Ritlist - að muna og minnst  
Fjármál heimilanna  
Nám í heilbrigðisskólanum

### Farandnámskeið fyrir smærri starfseiningar:

Betri samskipti á fjölmenningslegum vinnustað  
Betri líðan - bætt samskipti

### Fyrir félags- og heilbrigðisstéttir:

Fyrirlestraröð um lýðheilsu s.s. fátækt, streitu, kynjavferð og næringu  
Aukinn styrkur í starfi  
Betri árangur í lífi og starfi (NLP - samskiptafræði)  
Reiðistjórnun barna og unglinga  
Geðræn vandamál barna og unglinga

### Fjöldi námskeiða fyrir heilbrigðisstéttir

Framvegis hefur á að skipa einvala liði leiðbeinenda!

Sjá nánar á [www.framvegis.is](http://www.framvegis.is)



FRAMVEGIS  
MIÐSTÖÐ UM SÍMENNTUN Í REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



### EIGENDUR SENTRUM

Margrét og Þuríður Halldórsdætur reka tískuverslunina Sentrum. Þær telja Egilsstaðabúa fara burt til að versla þegar þær hafi meiri peninga milli handanna.

Ný þjónustustöð:

## Burger King-keðjan í Fossvoginn

**FRAMKVÆMDIR** Hamborgarar frá Burger King eru meðal þess sem verður á boðstólum í nýrri þjónustustöð Esso í Fossvoginum. Þar hafa veitingar og bensín verið í boði í hartnær hálfu öld, síðan Axel Helgason opnaði Nesti.

Nýja Esso-stöðin verður tæplega fjögur hundruð fermetrar að stærð og leiðir að og frá henni verða bættar stórum frá því sem nú er. Þá verður þar sérstök aðstaða fyrir útivistarfólk enda Fossvogsdalurinn og nágrenni vinsæl til hreyfingar og útivistar. Áætlað er að opna stöðina um miðjan júní. - bps



TÖLVUMYND AF NÝJU ESSO-STÖÐINI

Arkitektastofan Ask teiknaði en IAV annast framkvæmdir.



# H8

## Frítt download 8 Mb háhraðatenging


Hive hefur brotið ísinn og fært Íslendingum frítt download og meiri hraða í ADSL-heimatengingum. H8 er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér einnig þráðlaust innanhússnet og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

**5.990 kr.\***  
á mánuði

\*M.v. 12 mánaða samning.

Hive.is  
Hlíðasmári 12  
201 Kópavogur  
Þjónustusími 414 1616  
hive@hive.is

**Hive**





„Áttu  
miða?“

# eigendur

# milljón



Í dag klukkan 18 fá 10 miðaeigendur hjá Hapdrætti Háskólans einnar milljónar króna vinninga sem dregnir verða úr seldum miðum. Í kjölfarið verður hringt í þá alla og þeim færðar fréttirnar. Á síðasta ári voru 224 miðar dregnir út með milljóna-vinning og 780 milljónir króna greiddar út til miðaeigenda.

Þú þarft bara að hringja eitt símtal eða fara á vefinn til að eignast miða. Við fylgjumst með miðanum fyrir þig og látum þig vita þegar þú vinnur.

Tryggðu þér miða á [www.hhi.is](http://www.hhi.is)  
eða í síma 800 6611.



**HAPPRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
*vænlegast til vinnings*

# ...bara á flugfelag.is

26. jan. - 1. feb.

Milli Reykjavíkur og

**AKUREYRAR**  
**5.700 kr.**

Flug aðra leiðina.

Bara á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

**EGILSSTAÐA**  
**6.300 kr.**

Flug aðra leiðina.

Bara á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

Takmarkað sætaframboð!

Milli Reykjavíkur og

**ÍSAFJARDAR**  
**5.700 kr.**

Flug aðra leiðina.

Bara á [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is)

Takmarkað sætaframboð!

Börn, 2ja-12 ára, í fylgd með fullorðnum,  
greiða 1.940 kr. aðra leiðina.

# flugfelag.is

Vaðlaheiðargöng:

## Frumrannsóknnum lokið í vor

**JARÞGÖNG** Stefnt er á að ljúka fyrstu jarðfræðirannsóknnum vegna Vaðlaheiðarganga við Eyjafjörð í vor en þær miðast við að finna heppileg munnastæði beggja megin ganganna. KEA lagði fimm milljónir króna í rannsóknirnar og verði ráðist í framkvæmdir við göngin hefur KEA gefið vilyrði fyrir 100 milljóna króna framlagi.

Hlutafélagið Greið leið er undirbúningsfélag fyrir gerð jarðganganna. Að félaginu standa öll sveitarfélög í Eyþingi, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjar-sýslum, auk 10 fyrirtækja.

Að sögn Péturs Þórs Jónssonar, framkvæmdastjóra Eyþings, verð-



ur kostnaður við göngin um fimm milljarðar króna með virðisauka-skatti. Þau verða 7,2 km löng og munu stytta leiðina frá Akureyri og austur um tæpa 16 kílómetra. „Í upphafi gerðum við ráð fyrir að ríkið legði til 40 til 45% af kostnaði ganganna. Þeir sem nota göngin munu svo greiða veggjöld, líklega 500 krónur á stakan bíl, og boðið verður upp á samsvarandi afsláttarkjör og í Hvalfjarðargöngum,“ segir Pétur.

### VADLAHEIÐI

KEA hefur gefið vilyrði fyrir eitt hundrað milljón króna fjárveitingu verði ráðist í framkvæmd Vaðlaheiðarganga.

## Hryðjuverkaforingi tekinn höndum

Íraska lögreglan handtók einn af helstu liðsforingjum Abu Musab al-Zarqawi. Hann skipulagði nokkrar mannskæðustu sprengjuárásir samtaka al-Zarqawi. Karzai forseti hvetur Íraka til að kjósa.

**ÍRAK** Íraska lögreglan hefur handtekið hryðjuverkamann sem talinn er hafa staðið að nokkrum mannskæðustu bílsprengjuárásunum í Írak, þeirra á meðal árásum á höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í ágúst 2003 og árásum á helgireit í

Najaf sem kostaði 85 manns lífið. Sami Mohammed Ali Said al-Jaaf er að sögn írösku lögreglunnar sá liðsforingja hryðjuverkaforingjans Abu Musab al-Zarqawi sem hefur líf flestra á samviskunni. Hann hefur skipulagt fjölda

sprengjuárása, meðal annars árásum þar sem Izzadine Saleem, sem um skeið var í forsæti íraska framkvæmdaráðsins, var ráðinn af dögum.

Al-Zarqawi hefur farið mikinn í sprengjuárásunum og tengjast samtök hans al-Kaída, hryðjuverka-hreyfingu Osama bin Laden.

Tíu manns hið minnsta særðust í bílsprengjuárás fyrir framan höfuðstöðvar flokks Iyad Allawi, forsætisráðherra Íraks, í Bagdad í gær. Átta lögreglumenn og tveir óbreyttir borgarar voru í hópi hinna særðu.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, hvatti Íraka til að feta í fótspor Afgana og mæta á kjörstað þrátt fyrir hótanir um hryðjuverk. „Íraska þjóðin má ekki óttast hryðjuverkamennina,“ sagði Karzai, sem kjörinn var forseti Afganistans í kosningum 9. október. Margir Írakar óttast um líf sitt fari þeir á kjörstað enda hefur al-Zarqawi lýst yfir stríði gegn kosningunum sem fram fara á sunnudag.

Öldin í Írak kemur fram með margvíslegum hætti. Í gær urðu tvær jórdanskar farþegaflugvélar að hverfa frá alþjóðaflugvælinum í Bagdad án þess að lenda. Ástæðan var sú að vegna bardaga í nágrenni flugvallarins þótti flugumferðarmönnum ekki óhætt að láta flugvélnar lenda. Þær fóru aftur til Amman í Jórdaníu.

brynjolfur@frettabladid.is



### Á VETTvangi sprengjuárásar

Tíu hið minnsta særðust í sprengjuárás sem var gerð á höfuðstöðvar stjórnmálaflokks Iyad Allawi forsætisráðherra.

Bleikjuveiðar í Mývatni:

## Stofninn í lágmarki

**VEIÐIBÚSKAPUR** Stofnmæling á bleikju í Mývatni, sem fram fór síðastliðið haust, bendir til að stofninn hafi ekki verið minni í tæp tuttugu ár. Bleikjuveiði í vatninu hefur farið minnkandi frá árinu 1970 og leggur Veiðimálastofnun til að allri veiði verði hætt í þrjú ár svo stofninn geti vaxið á ný. Veiðifélag Mývatns ber ábyrgð á veiðinni en embætti veiðimálastjóra getur gripið inn í og bannað veiði í vatninu.

Veiði í Mývatni er hluti af búskaparhefð bænda sem land eiga að vatninu en Veiðifélag Mývatns fagnar aldarafmæli í ár. Veiðimálastofnun áætlað meðalveiði fyrir árið 1970 hafi verið um tuttugu tonn á ári, að verðmæti sex til níu milljónir króna á núvirði. Bleikjustofninn nú er einungis brot af því sem skilaði sér í afla fyrr á árum en meðalafli bleikju í Mývatni á árunum frá 1930 til 1970 var um þrjátíu þúsund silungar á ári. Meðalveiði áránum eftir 1970 var tæplega sautján þúsund silungar en bleikjuveiði síðustu fjögurra ára hefur ekki náð 3.500 fiskum.

- kk



### MÝVATN

Bleikjustofninn í Mývatni nú er aðeins brot af því sem áður skilaði sér í afla.

# Ófurhetju heimabíó



**HOME CINEMA**  
Choice  
**Best Buy**  
★ GUARANTEE



\*\*  
**3.999**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**47.988**  
STADGREITT



## Panasonic

SCHT520

### Panasonic heimabíókerfi m/DVD

- Fjölkerfa • Magnari 500W RMS • 54MHz/10-Bit Video DA breytir • Útvarp FM/AM RDS
- Spilar CD-R/CD-RW/DVD-R/VCD/JPEG/MP3 • Progressive scan • DVD-Audio • Dolby Digital, DTS, Dolby Pro Logic II
- 5 hátalarar + Basshátalari • Hljóðtengi fyrir sjónvarp • DSP • Fjarstýring

Það skiptir miklu máli að hafa öflugan magnara. Magnarinn í Panasonic heimabíóinu tryggir tærari og betri hljóm. Panasonic - gæði í gegn! **Panasonic**

Kerfið spilar bæði Video CD og skrifaða DVD diska. Gríðarlega mikilvægt nú þegar flestar tölvur koma með DVD skrifara.



DVD spilarinn býður upp á mikið af skemmtilegum möguleikum s.s.: Zoom, hrað- og hæggspilun, fullkomin kyrrmynd, aðgerðir á skjá ofl. ofl.

Spilaðu alla tónlistina beint í Panasonic heimabíókerfinu - venjulega diska eða skrifaða. Spilar MP3 tónlistina sem þú hefur af netinu.



Digital Theater System (DTS) stuðningur. Þannig getur þú notið hljómgeða kvikmynda sem teknar eru upp í DTS til fullnustu



**FYLGIR**

2 bíómíðar á Elektra fylgja

### HELLBOY


**Diskur 1**  
Hellboy kvikmyndin • Kynning á myndinni  
4 stuttmyndir um Hellboy • 8 teiknimyndaögur um Hellboy  
Athugasemdir leikara • Frá hugmynd að mynd

**Diskur 2**  
Heimilidarmyndir um myndina  
Atriði sem komust ekki í myndina  
Ævisögur um persónurnar og margt fleira

**FYLGIR**



### Svona virkar heimabíó



- 1-4. Hátalarar
- 5. Miðjuhátalari
- 6. Bassahátalari

## Ódýrt DVD



**899**  
Hver mynd



**699**  
Hver mynd

# BT

**Botn verð**

## Stafraæn myndavél

# SONY

Sony Cybershot DSC-P73/S

**SONY GÆÐI**

\*\*  
**2.499**

Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**29.988**  
STADGREITT



\*\*Míðað við jafnar vaxtalaucar greiður á Visa eða Mastercard skuldabæf. 0,5% stimpilgjöld bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



**Tilboð**

128MB Sony memorystick minnskort á 999 kr. með DSC-P73

**999**



**4.1 MB Pixlar**

**PictEridge**  
Þráðlaus tenging við prentara.

**Tengimöguleikar**  
USB 2.0 tölvutengi og Video tengi fyrir sjónvarp.

**Memorystick PRO**  
Tryggir þér hraðari gagnaflytningu.

**Litaskjár**  
Vandaður 1.5" litaskjár þar sem allar stillingar birtast.

**Hleðslurafhlióður**  
Öflug hleðslurafhlióður tryggja þér allt að 450 myndir í hverri hleðslu.

**Aðdráttur**  
Með 3x optical aðdrætti nærð þú smáatriðunum sem skipta máli í fullum gæðum.

**Multi Burst**  
Fjölmyndataka taktu allt að fjórar myndir í einu skoti.

**Hreyfimyndataka**  
Taktu upp vandaðar hreyfimyndir með hljóði í MPEG Movie VX.

**Myndflaga**  
4.1 Megapixlar. Myndflagan frá Sony tryggir þér meiri myndgæði.

FBL GREINING: LAUNAMÁL KENNARA

## Sparnaður borgarinnar 175 milljónir vegna verkfallsins

Víð verkfall grunnskólakennara minnk- aði launakostnaður hjá Reykjavíkurborg. Er áætlað að launakostnaður borgarinnar vegna almennrar kennslu í grunnskólum hafi verið um 20 milljónir á dag fyrir nýgerðan kjarasamning. Inni í þeirri tölu eru laun skólastjórnenda og leiðbeinenda. Þar sem þeir hópar voru ekki í verkfalli þykir ekki óvarlegt að áætla að 500 milljónir hafi sparast hjá borginni. Þegar verkfallið leystist greiddi borgin 195 milljónir í eingreiðslu til kennara. Borgin keypti vinnu af kennurum þegar vetrarfrí átti að standa yfir og kostaði það 80 milljónir króna. Kennarar í grunnskólum Reykjavíkur fá ekki greitt fyrir endurskipulagningu skólustarfsins sem riðlaðist við verkfall kennara. Fræðsluráð lagði 15. desember fram hugmynd um að kennararnir



ÚR FRÍMÍNÚTUM Í FOLDASKÓLA

fengju greitt, auk annarra tillagna sem miðuðu að því að borgin gæti klakka- laust komist í gegnum skólaárið. Var

það að beiðni borgaryfirvalda. Borgar- ráð ákvað hins vegar 30. desember að fara ekki að öllum tillögum Fræðslu- ráðs. Borgarráð ákvað að „hækka fjárveitingu til fræðslumála“ um 50 milljónir króna til að standa að kennslu nemenda vegna tapaðra skóladaga í verkfalli kennara. Samkvæmt tillögu fræðsluráðs verður peningunum varið til að standa straum af undirbúningi tveggja efstu bekkjanna fyrir samræmdu prófin og undirbúninginn fyrir framhaldsnám en hluta verður einnig veitt til þeirra sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Borg- arráð ákvað að hinsa tillögu um greiðslu fyrir endurskipulagningu skóla- starfsins. Kom það mörgum í opna skjöldu. Kennarar höfðu rætt um það sín á milli að þeir fengju einn skóladag

greiddan. Má ætla að það hefði kostað tæpar 20 milljónir króna. Borgarstjóri útskýrði ákvörðunina með þeim hætti að farið hefði verið að þeim tillögum fræðsluráðs sem voru vel út- færðar. Peningarnir ættu að fara beint til nemendanna en ekki kennaranna. Spurð hvort ekki væri þörf á skipulag- ingu svo nemendurnir fengju sem mest út úr kennslunni sagði hún svo vera. Skólastjórum yrði falið að endurskipu- leggja starfið með sínu fólki. Sam- kvæmt varaformanni Skólastjórafélags Íslands kemur það niður á öðrum þátt- um starfsins. Skólalærar verður því ekki með eðlilegu sniði nú á vorönninni. Séu tölurnar reiknaðar saman má áætla að fjárhagslegur sparnaður borgarinnar sé um 175 milljónir vegna verkfalls kennara. ■



### SPURT OG SVARÐ ALÞINGI



HELGI BERNÓÐUSSON

#### Virðulegur staður

Helgi Bernóðsson hefur tekið við starfi skrifstofustjóra Alþingis en þar hefur hann unnið í tæpar 30 ár. Hann þekkir því Alþingi vel sem vinnustað. **Hvernig vinnustaður er Alþingi?** Afskaplega skemmtilegur. Bæði er gaman að vinna með þingmönnum og starfsliðið hér er einstakt. Þingmenn eru ánægðir með starfsfólkið hérna. **Er þetta ekki virðulegur vinnustaður?** Við teljum að svo sé. Við reynum sjálf að vera eins virðuleg og háttvís og við getum. Það er líka mikilvægt að starfs- menn séu ekki að reka sín erindi við þingmenn. Við reynum að hlífa þeim við öllu slíku því nóg er nú samt. **Í hverju felst starf þitt?** Skrifstofustjórinn hefur heildaryfirsýn yfir starf skrifstofunnar og alla aðstoð sem hún veitir þingmönnum, til dæmis við skipulagningu þingfunda og vinnu við þingmál svo eitthvað sé nefnt. Stundum eru framkvæmdir á vegum þingsins og ekki má gleyma alþjóðleg- um samskiptum. ■

## Verkalýðshreyfingar og stjórnmálaflokkar tengjast órofa böndum

Samskipti verkalýðshreyfingarinnar og Samfylkingarinnar hafa talsvert verið til um- ræðu. Slík tengsl eiga sér langa sögu í íslensk- um stjórnmálum og hafa velflestir flokkar kappkostað að hafa ítök í launþegahreyfingun- um og þær um leið í flokkunum.

Verkalýðshreyfingin hefur tengst velflestum stjórnmálaflokkum nánum böndum í gegnum tíðina þótt slaknað hafi á tengslunum á síðustu árum. Forystumenn verkalýðsfélaga sátu iðulega á þingi fyrir vinstri flokkana en jafnframt var samband Sjálf- stæðisflokksins við ýmis samtök launþega allnað.

#### Þingmenn Dagsbrúnar

Náin tengsl stjórnmálaflokka og verkalýðshreyfinga á Íslandi eru ekki ný af nálinni. Þegar Alþýðu- samband Íslands var stofnað árið 1916 var um leið settur á fót póli-



KRÖFUGANGA Á FYRSTA MAÍ

Ríkisstjórnir hafa setið í skjóli verkalýðshreyfingarinnar – og fallið fyrir atbeina hennar.

tískur armur þess, Alþýðuflokkurinn. Þessi samtök „voru frá upphafi sósíalísk og vinstrisinnuð samtök sem kröfðust þess að ríkisvaldið beitti sér af fullum þunga í þágu alþýðufólks gegn eignastéttunum sem samtökin töldu arðræna þá sem ekki höfðu tekjur af öðru en vinnu sinni,“ eins og segir í bókinni Ísland í aldanna rás.

Ekki var skorið á þessi form- legu tengsl fyrr en árið 1942. Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Ís- lands, segir að þá hafi sósíalistar verið farnir að sækja allfast að Alþýðuflokknum en Héðinn Valdi-

marsson hafði ásamt kommúnist- um stofnað Sameiningarflokk Alþýðu – Sósíalistaflokkinn fjórum árum áður. „Héðinn er sýmból fyrir verkalýðinn, formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og varaformaður Alþýðu- flokksins.“ Eins og búast mátti við snarjókust áhrif sósíalista í Dags- brún við þetta og þau héldust í næstu áratugi á eftir. Þannig áttu formenn Dagsbrúnar lengi tryggt þingsæti fyrir Sósíalistaflokkinn og síðar Alþýðubandalagið, til dæmis þeir Sigurður Guðnason, Eðvarð Sigurðsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Hannibal Valdimarsson var annar lykilmáður í þessum efn- um. Hann var forseti Alþýðusam- bandsins og formaður þriggja stjórnmálaflokka á sinni tíð: Alþýðuflokksins, Alþýðubandalags- ins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Eftirmaður hans hjá Alþýðusambandinu, Björn Jónsson, sat á þingi fyrir alla þessa flokka. Annar forseti Alþýðusambandsins, Ásmundur Stefánsson, var í framboði fyrir Alþýðubandalagið árið 1987 en komst ekki á þing.

**Sjálfstæðismenn styrkja tengslin** Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá fyrstu tíð lagt sig fram um að hafa áhrif inn í verkalýðshreyfinguna. Á fjórða áratugnum mynduðu sjálfstæðismenn óformlegt bandalag við kommúnista í verka- lýðsfélagunum gegn sínum sam- eiginlega óvini, Alþýðuflokknum. „Þessi nánú tengsl sósíalista og sjálfstæðismanna eru eitt af leyndarmálunum í íslenskri póli- tík,“ segir Svanur. Félög sjálf-

stæðisverkamanna spruttu upp á þessum tíma, til dæmis Óðinn í Reykjavík sem enn er starfandi.

Á sjöunda áratugnum aukast enn áhrif sjálfstæðismanna í verkalýðshreyfingunni þegar Landssamband íslenskra verslun- armanna (LÍV) er dæmt inn í Alþýðusambandið en forystumenn þess höfðu barist gegn inngöngu verslunarmanna af pólitískum ástæðum. Sverrir Hermannsson var á þessum tíma formaður LÍV en hann ferðaðist um allt land og stofnaði verslunarmannafélög og komst í krafti þeirrar vinnu á þing árið 1972.

Ráðherrar viðreisnarstjórnar- innar, með Bjarna Benediktsson í broddi fylkingar, tóku á stjórnar- tíð sinni upp náið samband við forystumenn launþegasamtak- anna án milligöngu Alþýðu- bandalagsins, til dæmis við gerð svonefndra Breiðholtssamninga á árinu 1964. Svanur segir að slíkt hefði þótt óhugsandi nokkrum árum áður og hafi þetta styrkt mjög stöðu sjálfstæðismanna á þessum vettvangi.

Enn eru tengsl Sjálfstæðis- flokksins við launþegasamtökin nokkur. Verkalýðsráð hefur alltaf verið starfrækt innan flokksins og það hefur haft launaðan starfs- mann á sínum snærum. Síðastlið- inn laugardag var Magnús L. Sveinsson kjörinn formaður landsmálafélagsins Varðar en hann var um árabil formaður Verzlunarmannafélags Reykja- víkur.

#### Stjórnir í skjóli verkalýðshreyf- ingarinnar

En hversu mikil áhrif hafa verka-

Svik og prettir eru daglegt brauð í stóru fasteignasprengrunni:

## Verktakarnir Hjörtur og Sveinn selja sömu íbúðirnar tvisvar



Þeir seldu meira að segja parkettið mitt og skápana

DV – hefur þú séð DV í dag?



GUÐMUNDUR J. GUÐMUNDSSON Guðmundur jáki var formaður Dagsbrúnar á níunda áratugnum og sat á þingi fyrir Alþýðubandalagið um svipað leyti.



**GRETTIR SIG OG BARA HLÆR**

Þetta ljón býr í dýragarði í Suðvestur-Kína þar sem vorið er farið að gera vart við sig. Hitinn fór í um 20 gráður á sunnudag og ekki ólíklegt að Leó hafi hlýnað undir loðnum feldinum.

Lýðshreyfingarnar haft á starf og stefnumótun flokkanna? „Á tímabili voru ríkisstjórnir búnar til og féllu fyrir atbeina verkalyðshreyfingarinnar,“ segir Svanur Kristjánsson og máli sínu til stuðnings bendir hann á að hreyfingin var bakhjarl vinstri stjórnarinnar sem sat á árunum 1956-58 en sú stjórn féll eftir að Alþýðusambandið hafði hafnað hugmyndum hennar í efnahagsmálum. „Forsætisráðherra landsins, Hermann Jónasson, fer á þing Alþýðusambandsins til að biðja sambandið um að gefa eftir kauphækkunir, sambandið neitar og þá segir forsætisráðherrann af sér. Svona var þetta.“

Á áttunda áratugnum olli það vinstri stjórnunum verulegum erfiðleikum að alþýðubandalagsmenn þurftu að bera allar meiri háttar ákvarðanir undir launþegasamtökun eða verkalyðsmálaráð flokksins og svipað var uppi á teningnum í stjórn Steingríms Hermannssonar sem var við völd á árunum 1988-1991.

Rétt eins og hjá Sjálfstæðisflokknum starfar innan Samfylkingarinnar verkalyðsmálaráð sem hefur talsverð áhrif á stefnumótun flokksins í þessum efnum. Í stefnuýfirlýsingu Samfylkingarinnar frá árinu 2000 segir: „Í samræmi við stefnu sína hyggst flokkurinn eiga náið samstarf við verkalyðshreyfinguna og frjáls félagasamtök, og vinna með öðrum“. Tengsl Samfylkingarinnar við Alþýðusambandið hafa þó ekki verið eins náið og þau voru á tímum Alþýðubandalagsins. Ekki þarf hins vegar að fjölyrða um tengsl Bandalags starfsmanna ríkis og bæja við stjórn mála-hreyfingar en Ögmundur Jónasson, formaður þess, situr á þingi fyrir Vinstri græna.

sveinng@frettabladid.is



SVANUR KRISTJÁNSSON

**HÓTEL HÓLT**

TVÍRÉTTAÐ Í HÁDEGINU  
Á AÐEINS 2.100 KR.

NÝR HÁDEGISMATSEÐILL  
ALLA ÞRIÐJUDAGA

SPENNANDI MATSEÐILL  
Á KVÖLDIN

MATSEÐLAR OG VERÐ Á  
WWW.HOLT.IS

BERGSTAÐASTR.ÆTI 37 • SÍMI: 552 5700



Ný öflug lína  
**tækni**

sem skila þér árangri...

Landsins mesta úrval af **hlaupabrautum** við allra hæfi. Fyrir heimili, vinnustaði, íþróttahús, líkamsræktarstöðvar, skip og fl. Margir verðflokkar.

Tækin eru uppsett í verslun!

Taktu á því með tækjum...

**ÖRNINN**

STOFNAÐ 1925

Skeifunni 11d, Sími 588 9890

Opið laugard. 10-16 Visa- og Euroraðgr.

www.orninn.is

SCHWINN PRO-FORM NordicTrack™ CJBEX NAUTILUS™

VILTU SPARA - VILTU GRÆÐA

**RISA ÚTSALA**

á 100 völdum bílum

Ingvar Helgason Notaðir bílar

Mikill afsláttur  
**Opið alla helgina**

OPNUNARTÍMAR  
LAUGARDAGUR.....10 - 17  
SUNNUDAGUR.....12 - 17

**VERÐDÆMI**  
AFSL. 410 ÞÚS.

OPEL ZAFIRA  
Skráður 09/03 ekinn 19 þ.km  
Verð kr. 2.190 þ.kr.

Útsöluverð kr. 1.780 þ.

**VERÐDÆMI**  
AFSL. 250 ÞÚS.

VOLKSWAGEN GOLF  
Skráður 12/96 ekinn 153 þ.km  
Verð kr. 570 þ.kr.

Útsöluverð kr. 320 þ.

**VERÐDÆMI**  
AFSL. 340 ÞÚS.

SUBARU FORESTER  
Skráður 06/99 ekinn 151 þ.km  
Verð kr. 1.100 þ.kr.

Útsöluverð kr. 760 þ.

**VERÐDÆMI**  
AFSL. 310 ÞÚS.

SUBARU LEGACY  
Skráður 07/03 ekinn 52 þ.km  
Verð kr. 2.080 þ.kr.

Útsöluverð kr. 1.770 þ.

**100% lánamöguleikar**

Sölu ráðgjafar notaðra bíla sími 525 8020

Pétur Björnsson  
sölustjóri.  
Sími 525 8000  
Netfang: petur@ih.is

Guðmundur J. Ólafsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8022.  
Netfang: guðmundur@ih.is

Garðar Már Garðarsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8027.  
Netfang: gardar@ih.is

Ragnar Borgþórsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8029.  
Netfang: ragnarb@ih.is

Sigurður Ófeigsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8028.  
Netfang: siggi@ih.is

Veitingar í boði



Heppnir viðskiptavinir geta unnið bensínkort frá



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00







SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 10.28	13.40	16.53
AKUREYRI 10.28	13.25	16.22

Heimild: Almanak Háskólans

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Góðan dag!**

Í dag er þriðjudagurinn 25. janúar, 25. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Pabbi, hvaða dýr verpir appelsínunum?



**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 4**

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 58 stk.

**Keypt & selt** 28 stk.

**Þjónusta** 43 stk.

**Heilsa** 10 stk.

**Skólar & námskeið** 2 stk.

**Heimilið** 13 stk.

**Tómstundir & ferðir** 7 stk.

**Húsnæði** 11 stk.

**Atvinna** 15 stk.

**Tilkynningar** 2 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á [www.visir.is](http://www.visir.is)**



Eva Dögg finnst frábært að vera úti í náttúrunni með sjálfri sér.

## Trúir ekki á megrunarkúra

Eva Dögg Sigurgeirsdóttir, tiskugúru og athafnakona, er að safna sér fyrir líkamsræktarkorti en nýtur náttúrunnar þangað til líkamsræktarstöðin tekur við. „Ég er reyndar ekki í ræktinni núna þó að ég myndi glöð vilja segjast fara alla daga. En ég er að safna mér fyrir þessu líkamsræktarkorti labba ég mikið,“ segir Eva, sem er algjört náttúrubarn. „Mér finnst mjög gaman að fara út í náttúruna og út úr bænum. Mér finnst æðislegt að vera úti því það veitir mér hugarró og mér finnst gott að vera ein með sjálfri mér.“

Eva er að setja upp leikritið Brilljant skilnaður með mómmu sinni Eddu Björg-

vinsdóttur og er það viss heilsubót. „Við hlæjum rosalega mikið saman og ég er eiginlega búin að blómstra meira af því en að hreyfa mig. Síðan vinn ég með svo rosalega uppbyggilegu fólki. Mig langar ekkert að vera fimmtíu kíló því ég er mjög sátt við mig eins og ég er. Ég henti meira að segja vigtinni minni um daginn því ég nenni ekki að stressa mig á því hvort ég bæti á mig einu kíló eða ekki. En hreyfingin er mikilvæg því hún veitir svo mikla andlega vellíðan. Ég trúir ekki á megrunarkúra en ég veit að ég á að borða hollan mat. Mér finnst voða gott að fara á Grænan kost eða Maður lifandi einu sinni í viku því fjölskyldan mín er ekki miklar grænmetisætur. Ég drekk líka mikið vatn því það er mikilvægt og svo finnst mér það gott. En ef maður er hamingjusamur er allt í lagi að hafa brjóst og rass og eitthvað til að klípa í. Mér finnst það bara flott.“ ■

## LIGGUR Í LOFTINU í heilsu

**Hegðunarrandi** og geðraskanir barna og unglinga – Forvarnir, meðferð og samþætting þjónustu, er yfirskrift ráðstefnu á vegum Barnaverndarstofu, Barna- og unglingadeildar LSH, Miðstöðvar heilsværðar barna og Landlæknisembættisins sem verður haldin á Grand hóteli í Reykjavík dagana 3. og 4. febrúar. Til ráðstefnunnar er boðið þremur erlendum gestum sem flytja fyrirlestra, auk þess sem fjölmargir íslenskir sérfræðingar flytja erindi á ráðstefnunni.

**Vísindamenn** telja að hægt sé að verjast krabbameini með því að borða mikið af ávöxtum og grænmeti og takmarka neyslu á rauðu kjöti og sykri. Helst virðist mataræðið af þessu tagi virka gegn ristilkrabbameini, auk þess sem það er gott fyrir hjartað. Hinsvegar virðist það ekki hafa áhrif í vörnum gegn brjóstakrabbameini en hægt er að bæta úr því með að setja smá ólífuolíu út á matinn. Rannsóknir hafa nefnilega sýnt að ólífuolíu getur dregið úr hættu á brjóstakrabba.

**Í nýjasta tölublaði** Læknablaðsins er kynnt rannsókn sem gerð var meðal íslenskra skólakarna í 9. og 10. bekk þar sem könnuð voru tengsl líkamsmæðar barna og fjögurra heilsufarslegra útkomupátta: sjálfsmyndar, depurðar, líkamlegrar heilsu og heilbrigðisupplifunar. Rannsóknin sýndi að börn á þessum aldri sem voru of þung reynast hafa lakari sjálfsmynd,

eru daprari og hafa neikvæðari heilbrigðisupplifun en önnur börn. Of þung börn upplifa sig þó ekki á þann hátt að þeim finnst þau hafa lakari líkamlega heilsu en önnur börn og tengist því þyngd þeirra frekar andlegum þáttum eins og sjálfsmynd og geðslagi. Ástæða er til að taka offitu hjá skólakörnum alvarlega enda virðist hún tengjast neikvæðri sjálfsmynd þeirra og geðslagi sem getur verið andlega mótandi til framtíðar.

**Óbeinar reykingar** auka hættuna á leghálskrabbameini samkvæmt nýrri rannsókn. Spurningalista var dreift til næstum 25.000 kvenna sem bjuggu við óbeinar reykingar árið 1963 og um 26.000 kvenna sem bjuggu við óbeinar reykingar árið 1975. 15 árum síðar voru gögnin skoðuð til að sjá tíðni leghálskrabbameins. Áður hefur verið sýnt fram á tengsl reykinga við leghálskrabbamein.

**Karlmennt** með lægri greindarvísitölu eru líklegri til að fremja sjálfsmorð en þeir sem hafa hærri greindarvísitölu. Fylgst var með stórum hópi sænskra karlmanna á löngu tímabili og komu upp mörg sjálfsmorð á tímabilinu. Það sýndi sig að þeir karlmenn sem framið höfðu sjálfsmorð voru með lægri greindarvísitölu en aðrir í úrtakinu. Talið er að lægri greindarvísitala þýði að þeir eigi erfiðara með að vinna úr vandamálum sem koma upp á lífsleiðinni.

[heilsa@frettabladid.is](http://heilsa@frettabladid.is)

**Slim-Fast**  
- nærir og grennir  
Berglind léttist um 7 kíló\* með Slim-Fast  
\* á 2 mánuðum

**JANÚAR**

**Kafbátur mánaðarins**

**6 tommu bátur kr. 299**

**12 tommu bátur kr. 499**

**Kafbátur með skinku ...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða**

**SUBWAY**

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður. **HjartaHeill**

Gildir í janúar 2005. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Sub Club miðar ekki afhentir með kafbát mán. Gildir ekki í Stjórnumáli.

Sex tommu kafbátur með skinku er einn af 7 undir 6 kafbátunum og inniheldur hann aðeins 5 grömm af fitu. Nánari uppl. á [www.subway.is](http://www.subway.is)

**Hlaupið úti í rigningunni**

Þegar farið er út að hlaupa í rigningu skal klæðast vatnsheldum fötum. Best er að vera í nærfatnaði sem hrindir frá sér vatni svo ekki safnist í hann sviti. Buxur og peysur skulu vera úr efnum sem anda og utanyfirflíkin skal vera vatnsheld og helst í björtum lit með endurskini því birtuskilyrði eru oft slæm í rigningu.



**Fjöldi meðferða í boði m.a.**  
**Grenning og styrking**  
**Appelsinhúð**  
**Húðstrekking**  
**Fagmennska í fyrirrúmi**  
**Frí prúlotími**  
**Frábær tilboð**

**TRIMFORM**  
**BERGLINDAR**  
Grensásvegi 50  
sími 553 3818  
www.trimform.is

Öll Now vítamín með  
**20%**  
afslætti dagana  
25. jan - 8. feb

**Heilsubúðin**  
**Góð heilsa gulli betri**  
Njálsgötu 1, 101 Rvk, sími: 561-5250

**Lífrænt ræktaðar vörur**

**Yggdrasill**

- þar sem þú getur treyst á gæðin -

YGGDRASILL, KÁRASTÍG 1, 101 RVK., S: 5624082

FRÁBÆR HEILSUBRYKKUR

**heilsal**

**ALOE** Frískandi Aloe Vera drykkur með aldinkjöti úr Aloe Vera plöntunni og viðbættu kalki

**Plús Kalsíum** Aloe Vera plantan þykir hafa góð áhrif á maga og meltingu. Þú nýtur bragðsins og finnur muninn! Drykkurinn er sérlega bragðgóður og fæst í matvörubúðum og apótekum.

Hans má neyta að vild.

**Splenda** Natúrulegt sætiefni

**Russel Stower**  
**Sykurlaust sælgæti**

Ótrúlega bragðgott kolvetnasnautt og sykurlaust sælgæti sem hefur unnið til verðlauna fyrir bragðgæði og vandaða framleiðslu

Fæst í apótekum og matvörubúðum

**LowCarb**

**EAS Myoplex máltíðardrykkir**

Auðveld og hagkvæm lausn þegar tryggja á líkamanum öll næringarefni sem hann þarf til vaxtar og viðhalds. Fyrsta flokks hráefni til að hámarka vöðvasófnun og grenningu. Þú nýtur bragðsins og finnur muninn! Myoplex. No. 1 í íþróttanæringu.

**EAS** Líkamaþróun  
**LÍFTU**

EAS Myoplex vörur fást m.a. í heilsuræktarstöðvum, Heilsuhúsinu, apótekum, Hreysti og Frihöfn. Nánari upplýsingar fást í síma 555-2866 eða á www.eas.is.

**NYTT frá Futurebiotics**

**TRYMONE**

Eykur brennslu líkamans meðan þú hvílist. Minnkar matarlust. 3 hylki fyrir svefn.

Fæst í apótekum, Fjarðakaupum og Hagkaupum Kringlunni

**Futurebiotics**  
HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI



Laufey segir afar þýðingarmikið fyrir áreiðanleika könnunarinnar að sem flestar konur í úrtakinu taki þátt.

**Mikilvægt að ná góðri þátttöku**

Um þessar mundir fá 20.000 íslenskar konur á aldrinum 18-45 ára senda spurningalista sem eru liður í rannsókn á bóluþefni gegn leghálskrabbameini.

„Þessir spurningalistar eru liður í geysilega umfangsmikilli norrænni könnun sem fer þannig fram að 80.000 konur á fjórum Norðurlöndum fá senda spurningalista um lífshætti og heilsufar. Ísland er með jafnfjölmennat úrtak og hin Norðurlöndin,“ segir Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinssskrár Krabbameinsfélags Íslands. „Spurningarnar lúta fyrst og fremst að atriðum sem geta tengt áhættunni á að fá leghálskrabbamein. Þar skiptir kynlífshegðun langmestu máli en aðrir þættir koma inn í svo sem lífshættir og heilsufar og af því dregur könnunin nafn sitt.“ Það eru um þrjátíu ár síðan það uppgötvaðist að leghálskrabbamein orsakast af veiru og að þær konur sem ekki hafa veiruna í líkamanum fá ekki þessa tegund krabbameins. Flestar konur smitast einhvern tíma á ævinni af þessum veirum. Oftast hreinsar líkaminn veiruna út sjálfur en hjá sumum konum þróast veiran út í krabbamein eða kynfæravörtur. „Það er ekki vitað hve algengar kynfæravörtur eru og eitt af því sem er verið að athuga er hversu margar konur hafa fengið þær. Veiran sem orsakar kynfæravörtur er náskyld þeirri sem veldur krabbameininu. Það er einkar mikilvægt fyrir tölfræðilegan áreiðanleika könnunarinnar að sem flestar konur svari.“

Þær 20.000 konur á aldrinum 18-45 ára sem fá spurningalistann geta svarað annarsvegar með því að fylla út spurningalistann eða fara á netið og svara þar. Íslenskar konur hafa verið mjög duglegar að svara á netinu og miklu duglegri en konur á hinum Norðurlöndunum en þó verða fleiri konur af þeim sem þegar hafa fengið listana að svara til að könnunin verði marktæk. Niðurstöðurnar eru unnar á algerlega ópersónugreinanlegan hátt. „Persónueinkenni koma ekki fram á svarlistunum og sjást aldrei við úrvinnsluna,“ segir Laufey. En af hverju ættu konur að svara þessari könnun?

„Í fyrsta lagi er mikilvægt að vita hversu margar konur hafa fengið kynfæravörtur svo hægt sé að meta umfang vandamálsins. Í öðru lagi er verið að prófa bóluþefni gegn þessum veirum sem valda bæði vörtunum og krabbameininu, bæði hér á Íslandi og í ýmsum löndum um allan heim. Þessi könnun kemur inn í úrvinnsluna á þeirri rannsókn og hjálpar til við að túlka niðurstöðurnar. Bóluþefnin gætu hugsanlega orðið til þess að leghálskrabbameini yrði útrýmt úr heiminum og framlag okkar í könnuninni skiptir mjög miklu máli við þessa rannsókn.“ Þannig að nú er um að gera fyrir konur í úrtakinu að taka þátt. ■

**SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ**

**Hreyfingarleysi er heilbrigðisvá!**

**Hvað er að gerast hjá okkur?**  
Samkvæmt skýrslu frá Efnahags- og framfarastofnun jókst offita meðal full-orðinna Íslendinga um 65% milli áraanna 1990-2002. Hátt í fjórðungur íslenskra barna er of feitur.

Í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 er áætlað að um 22% Íslendinga eldri en 5 ára þjáist af geðröskunum af ýmsu tagi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að í sumum tilfellum hefur líkamsrækt meiri áhrif en lyfjameðferð á þunglyndi. Hreyfingarleysi veldur dauða um tveggja milljóna einstaklinga í heiminum árlega og hreyfingarleysi er meðal tíu algengustu dánarsaka og orsaka fötlunar í heiminum.

Helsti áhrifavaldur barna og unglinga er samband þeirra við foreldra sína. Í nýlegri bandarískri rannsókn á heilbrigði var rætt við 12.118 unglinga. Þar kemur fram að unglingar setja foreldrasamband sitt í fyrsta sæti hvað varðar öryggi, hvort heldur um er að ræða einstæða foreldra eða pör. Þetta atriði hefur veruleg áhrif á heilbrigði ungmennanna. Þeir unglingar sem eru í góðu sambandi við foreldra og telja sig metna að verðleikum, eru síður líklegir til að reykja, drekka, gera tilraunir með eitrylf eða ótimabært kynlíf. [1]

Í ljósi þess að við komumst ekki hjá því að vera fyrirmynd barna okkar neyðumst við til þess að lita enn betur í eigin barm. Við þurfum að sýna börnunum fram á að við getum bæði sett okkur sjálf í fyrsta sæti og leyft þeim að njóta sín í leiðinni...

Þetta gerum við meðal annars með því að stunda einhverja líkamsrækt og borða skynsamlega. Þetta hlýtur að auka líkur þess að börn okkar tileinki sér lífsstíl sem er heillavænlegri en sá sem leiðir til þess sem ég taldi upp hér fyrst. Við verðum því að standa okkur sjálf sem fyrirmyndir þeirra. Það mun, fremur öðru, hjálpa þeim til að gera sér grein fyrir því að þau og enginn annar, bera ábyrgð á því sjálf að þeim líði vel og séu sátt við sig.

„Hreyfingarleysi er heilbrigðisvá!“ er slagorð okkar hjá Heilsuráðgjöf.

[1] Að alast upp aftur; Jean Illsley Clarke & Connie Dawson

Þetta og fleiri hollráð er einnig að finna á heimasíðu Heilsuráðgjafar www.heilsuradgjof.is.

**Sölvi Fannar Viðarsson** er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



**LowCarb**

**Splenda**

**SPLENDA** er náttúrulegt sætiefni sem hefur eðlilegt sætubragð.

**SPLENDA** er kalóríufritt og veldur ekki tannskemmdum.

Hægt er að baka, elda og sulta úr **SPLENDA**.

**SPLENDA** kemur í stað sykurs og er frábært fyrir sykursjúka.

Fæst í Lyf og heilsu, Hagkaupum og Lyfju

Frá Dr. Gillian McKeith

**Living Food Energy duft**  
fyrir súper heilsu

**DR. GILLIAN MCKEITH'S**  
**Living Food ENERGY**

Lífrænt ræktað og spirað, mjög ensímrikt. Inniheldur flest nauðsynleg vitamin, steinefni, andoxunarefni, prótein og heilandi jurtir

Fæst í apótekum og heilsubúðum

**Waf gbb**

**Spirulina**

**Waf gbb**

**Waf gbb**

**Waf gbb**

**Waf gbb**

# Kosin besta náttúrulega heilsulindin

Lesendur tímaritsins Condé Nast Traveller gáfu Bláa lóninu hæstu einkunn.

Lesendur breska ferðatímaritsins Condé Nast Traveller gáfu Bláa lóninu hæstu einkunn í flokknum besta náttúrulega heilsulind í heimi.

Í fyrra náði Bláa lónið áttunda sætinu á sama lista, en hefur á einu ári náð að komast á toppinn og skotið þar með keppinautum sínum ref fyrri rass, en Condé Nast Traveller er eitt virtasta ferðatímarit heims. Meðal annarra þekktara heilsulinda á listanum eru Royal Park Evian í

Frakklandi og Clinique La Prairie í Sviss. Jafnframt gáfu lesendur tímaritsins Bláa lóninu hæstu einkunn fyrir einstaka upplifun í einstöku náttúrulegu umhverfi. Talsmenn Bláa lónsins telja að þróun nuddmeðferða ofan í lóninu og þróun á Blue Lagoon Iceland húðvörum hafi átt sinn þátt í að auka heildarupplifun gesta í Bláa lóninu. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í London í gær. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Þróun nuddmeðferða ofan í Bláa lóninu hefur aukið vinsældir þess.

**GRÆNMETISNÁMSKEIÐ SÓLVEIGAR**

Við kennum að kaupa inn höllt hráefni og elds gömsæta og næringaríka rétti úr grænmeti, basunum og tofu, að ógleymdum sykurlausum eftirréttum.

Kennari er Sólveig Eiríksdóttir

Námskeiðið er eitt kvöld að lengd, frá kl. 19:00 - 23:00 og eru eftirfarandi námskeiðsdagar í boði:

2. feb. / 9. feb. / 16. feb. og 23. feb.

Verð kr. 4.900.- kr.  
SKRÁNING Í SÍMA 021 4600  
www.himneskt.is

HIMNESK HOLLUSTA

**Heilsuvörur og matstofa**

Opið virka daga kl. 10-20  
laugardaga kl. 11-17

**maður lifandi**  
Borgartúni 24

**Kjarnahvítlaukur**

100% HREINN Hvítlaukur

Kjarnahvítlaukur inniheldur engin íblöndunarefni né rotvarnarefni.

Kraftur hvítlauksins hefur verið kunnur í aldaradír og hann vinnur meðal annars á bakteríum sem önnur lyf virka ekki á.

Fæst í marvöruverslunum, heilsuvörubúðum og apótekum

**F2**

Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ  
Vó segum títtir

**GRÆNT TE**  
MEÐ ÆTÍPISTLI

Vello

**Grøn the**  
med artiskok

30 vegetabilske kapsler

Eflir orku og úthald  
Eykur fitubrennslu • Styrkir ónæmiskerfið  
Örvar efnaskiptin • Stuðlar að jafnvægi blóðsykurs

**Silicol Skin**

vinnur gegn filapenslum og bólum.  
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.

Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkra og hreinni og komið í veg fyrir bólur.

Fæst í apótekum.

**NYTT frá Futurebiotics**

Hindrar að líkaminn taki sykur og fin kolvetni úr fæðunni. 2 hylki fyrir máltíð.

Fæst í apótekum, Fjarðakaupum og Hagkaupum Kringlunni

**Futurebiotics**  
HÁGÆDA AMERÍSK FÆDUBÓTAREFNI

**FJÖLVÍTAMÍN MEÐ GINSENG**

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

FÆST Í APÓTEKUM, HAGKAUP, NETTÓ, SAMKAUP, SPARKAUP, NÓATÚNI, ÚRVALI OG STRAX

**metasys®**

Bylting í þyngdarstjórnun

Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys

Línurnar í lag með Metasys

Eykur orku og brennslu á við 30 mínútna skokk á dag. Jafnar blóðsykur er vatnslosandi, andoxunarríkt og hressandi.

Fæst í apótekum og heilsubúðum  
metasys@simnet.is • www.metasys.is  
sími 5517020

Fyrir konur og karla

**SÓMABAKKAR**

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING\*

\*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

**SÓMI**

Nánari upplýsingar á somi.is









## SJÓNARHORN



Hláka í Lækjargötu./Ljósmynd:Hari

## HVUNNDAGURINN



SIGURLÍNA ANDRÉSDÓTTIR ER VERSLUNARSTJÓRI Í MONSOON OG ACCESSORIZE Í KRINGLUNNI.

## Algjör morgunhani

## Í hverju felst starfið þitt?

Það er svo margt. Ég sé um starfsmannahald, innkaup og eiginlega allar hliðar verslunarrekstrarins frá degi til dags. Þanta vörur, næ í vörur og set þær upp í versluninni.

## Hvenær vaknar þú á morgnana?

Ég og sonur minn vöknum alltaf klukkan 6.30 enda erum við svo miklir morgunhanar. En ég mæti alltaf í vinnuna klukkan 9.

## Hversu lengi vinnur þú?

Ég vinn yfirleitt til klukkan 17 en ef það er mikið að gera er ég stundum lengur ef þarf.

## Hvað er skemmtilegast við starfið?

Það er fjölbreytnin, það gerist alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi. Síðan finnst mér mjög gaman að fylgjast með því sem er að gerast í tískunni.

## En erfiðast?

Það er ekkert eitt leiðinlegt því mér finnst voðalega gaman í vinnunni.

## Hvað gerir þú eftir vinnu?

Ég sækji strákinn minn og reyni að fara í ræktina. Síðan á kvöldin kem ég barninu niður og reyni bara að slaka á og hafa það gott.

## Gætir þú hugsað þér eitthvert annað starf?


Öruglega en ég hef bara ekkert verið að spá í það. Ég á ekkert eitt draumastarf en mér finnst mjög gaman að vera verslunarstjóri. Það er líka gaman að breyta til en ég er mjög sátt við lífið.

## heimili o.fl.

## SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA

[ 25-54 ára; Heimilistekjur yfir 400 þús. ]

## LESTUR/ÁHORF: NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN \*



\*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýafstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október sl.

Lesendur „Allts“ eru fólk með áhuga á efni hvernar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum vel skilgreindur og áhugasamur hópur sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Á opnunni „heimili og fleira“ fimmtudaginn 28. október voru 12 auglýsingar. 56% kvenna á aldrinum 18-49 ára, eða 34.555 konur, skoðuðu opnuna og gátu veitt hverri auglýsingu athygli eftir áhuga og eins lengi og þær vildu.

Til samanburðar voru 53 auglýsingar í Innlit - Útlit á Skjá einum þriðjudaginn 26. október. Þær fengu áhorf 37% sama hóps, eða 23.025 konur, og höfðu þær að meðaltali 14 sekúndur til að horfa á hverja auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“. Síminn er 550-5000.

allt

- markvissar auglýsingar -



# Taka ber upp evruna

UMRÆÐAN  
GENGISMÁL



LÚÐVÍK GIZURARSON  
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

” Evran myndi bjarga sjávarútvegi okkar.

Sagt var frá því í fréttum á dögunum að sjávarútvegurinn tapaði á ársgrundvelli tuttugu miljörðum á of háu gengi krónunnar um þessar mundir. Þessa tuttugu miljarða þarf sjávarútvegurinn að hafa í dag til að geta haldið núverandi 200 miljarða skuld sinni gangandi vegna kvótakaupa. Ef þessa tuttugu miljarða vantar í tekjur eins og er í dag hlaðast risaskuldir sjávarútvegs okkar upp sjórnlaut. Verða óviðráðanlegar.

Nú mætti vænta að ríkisstjórnin hefði einhver úrræði um þau ráð til bjargar sem á vantar. Um þau er ekki talað. Í stað þess er rétt um terror aðgerðir gegn stjórnarskrá Íslands. Hún var fyrir mönnum þegar berja átti fjölmiðlalög í gegn í sumar á móti vilja meirihluta landsmanna. Svo kom neitun forseta. Svar stjórnvalda er komið. Nú er sett nefnd í það að hluta núverandi stjórnarskrá í sundur. Sérstaklega á að

rústa þau ákvæði stjórnarskrár sem létu vilja meirihluta þjóðarinnar ráða. Afnema þau. Eru fyrir mönnum sem vilja heldur einræðisvald og ofbeldi.

Prófessor í hagfræði hefur nýlega komið með þá tillögu í umboði stjórnvalda að við segjum okkur úr EES. Þetta er líka hugsað sem ný terror aðferð gegn þeim fyrirtækjum sem hafa gert það gott í útrás í skjóli EES. Þau mætti lama stórlega með úrsögn úr EES. Samtök iðnaðarins segja þessa hugmynd um úrsögn úr EES glapræði og vanhugsaða. Myndi skaða allan fjölda iðnfyrirtækja. Á bak við er terror hugarfar gegn þeim fyrirtækjum sem ganga vel eins og KB banki og Baugur. Bæði eru orðin hvort um sig á stærð við ríkissjóð og þarna ráða ráðherrar engu ef lög EES gilda og frjáls samkeppni er virt. Þá má koma með terror hótun.

Við þurfum að taka upp evruna en þá lækka vextir á Íslandi enn frekar en þessi 4,15% sem KB banki hafði forgöngu um að bjóða fyrstir á húsnæðislánunum sínum. Ef evran er tekin upp þá er vísitala á lánunum öþörf og verður lögd af. Hún yrði samt reiknuð út vegna eldri lána. Er á þeim í dag. Evran myndi bjarga sjávarútvegi okkar.

Framsóknarfokkurinn ætti að hugleiða nýja ríkisstjórn en þessi núverandi stjórn hefur ekki í dag önnur fyrirheit og stefnumál en að rústa núverandi stjórnarskrá og eyðileggja stærstu fyrirtækin með úrsögn úr EES. Evran komi í þess stað og ný stjórn. ■

# Hvað er í gangi?

KOLBRÚN ANNA ÖRLYGSÐÓTTIR,  
HVANNEYRI, SKRIFAR UM FLUGFARGJÖLD

Um daginn var ég að leita að hagstæðu fargjaldi til Bandaríkjanna og leitaði á leitarvél Icelandair á netinu. Þar fékk ég ótrúlega niðurstöðu sem ég vil greina hér frá í öruttu máli og jafnframt óska skýringa frá þessu góða fyrirtæki, sem er reyndar það eina sem ég get notað til að komast til Bandaríkjanna með þökkalegum hætti.

Ég setti inn í leitarvélina brottfarardaginn 30. janúar og heimfarardag 16. febrúar og það um niðurstöðu fyrir flug til og frá Keflavík og Baltimore. Leitarvélina gaf upp í hveli niðurstöðuna: flugið kostaði 32.600 kr. og að viðbættum sköttum alls 40.460 kr.

Til gamans ákvæð ég að kanna hvað það myndi nú kosta mig ef ég væri búandi í Danmörku og þyrfti fyrst að fljúga þaðan, hingað á klakann og áfram til Bandaríkjanna. Niðurstöðan kom mér verulega á óvart og var eftirfarandi: Tölvan kom með sama flug til og frá Íslandi og Bandaríkjanna en bætti við

flugi frá Danmörku og til Íslands og öfugt. Og verðið: 24.200 kr. fyrir flugið og að viðbættum sköttum 34.120 kr. Það er s.s. 15,7% ódýrara fyrir Dani að ferðast til Bandaríkjanna með Icelandair en fyrir Íslendinga, þrátt fyrir viðbótarflug og klárlega verulega hærra tilkostnað Icelandair við flug danskra frænda vorra!

Ég get jafnframt bent á að ég gat ekki fundið fargjald til og frá Íslandi til Danmerkur þessa ferðadaga fyrir minna en 22.220 kr.

Nú spyr ég þá ágætu Icelandairmenn: Af hverju er svona miklu ódýrara fyrir Dani að ferðast með okkar eigin flugfélagi en fyrir okkur Íslendinga?

Ég get vel skilið að þegar farið er í markaðsetningaráttak þá þarf oft að lækka verðin, en hvenær getum við Íslendingar átt von á slíkum kostaboðum? Hvenær mun okkur Íslendingum standa til bóða að fá flug til Bandaríkjanna og til Danmerkur fyrir samtals 24.200 kr. fyrir utan skatta? Ég man ekki eftir því að slík kostaboð hafi staðið okkur til bóða síðustu árin en fagna því vissulega ef þau eru í vændum. ■

**Drögum í dag**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS  
vænlegast til vinnings

## LANGPRÁÐUR DRAUMUR RÆTTIST - EFTIR 20 ÁRA BIÐ

ÖLÖB Þ YRWAÖZ eSöc f^ `XSoðRa  
`Xf\_ B gð ü^ ZldöcVWZ#! äc  
älgR 9 VXRÞ WRÍ dÖJRZ  
9R R/R XÞ ZeJR cy\_R YJÉZ  
decã ö»d^ dRcWgVægR XZ  
9a\_ dRcWRÍ URXd^ Z\_YVZ d^I  
WJlccZYä CVdRgöc^ Z

^ > VÖ\_i^ Zf `ÓJROÖe\XÄV\ZXF`X  
dli WdRf dæZROd\|Rf^ dV\_R\_UZ  
de cWúg^Ä`ÖZ\XV\Zi Öf c y  
9 VXRÖÖcÖf c<öZhi\_d^ eZ  
I\_YZ d WJlccZYä CVdRgöc^

### D<C: 7DE@ 7F | E³ =GF ? Ö>

GVX\_RRÖf \\_Rc Vc S 1/2 ÖRÖS© dRgÖRf \R^ `cXf\_\_i^ dVZÖZ  
ÑæR äc YWw? EG S` »Z faa ä DcZÖ Wl `Xölgf\_ä^ ZÇ 3VdH^ äf^  
YWw\_ä^ dVZÖ 3æRc^ ZZLäYVdJf c 3VdScVj dei dRcZgZ ä^ R\_\_`X  
gZ\_f^ RcR\_Z\_ ZµR\_ VcR^ Ub^ Rå]Z 3VZcRd^ ||ø\R\_ä^ Zf R\_ 3R\_ de  
\cWR\_UZV\_f^ WR^ R]Jef aaSj XXVXEdj c\|R\_UZ XdV^ ^ ÖVXZ  
? ä^ Z Vc #8) def\_UZ` XdZæZéí WöcR W\|R+

E` Jgf\_i^ i \* def\_UZ  
I H Z U h d d d c Z V W X  
I H` d U ÖZ\_d R  
I Gi TV| ö W Ö Z\_ Z  
I A` h Vc A` Z\_e j\_\_Z\_XRc W Z  
I 2 TTVdHXR\_Xf\_\_f c  
I :\_äc\_VZ\_ Eölgf aödf c

GZÖd\ Za eRXcVZ\_Rc i`!) def\_UZ  
I GVdJf\_RcVZ\_Z\_Xf c  
I 3ö\YRJU  
I Eölgf Sö\YRJU? RgZL\_ > 3D

D|i |Wde j c\Z\_Xi s! def\_UZ  
I Ei^ Rchöc\_f`\_X  
^ Rc^ Z R d V\_e\_Z\_X  
I DöJf eÖ\_Z` X 3/ö\_f dR  
I 7cR^ cöX` XWR^`^ R  
I > R\_ |VXdR^ dZæZ  
I DæVZf dJöc\_f\_  
I 2gZ\_ff^ cö\_Z\_

= ` \RgVc\ WZi #%def\_UZ  
I 2f XjüZ\_XReÖ\`\_Z  
I > Rc\YöaRXcVZ\_Z\_X  
I 8 Vö\_ SZcZ\_XRcä`eJR\_R  
I 8 RX\_gZ` eV\_XZ\_XWcZ  
I 7Jf e\_Z\_Xf c` \RgVc\ WZi

? ©def\_i^ d d VZÖ+  
> `cXf\_\_i^ dVZÖ`  
2||RgZ`RURXRW \Z`-s!`#s!  
3j cRc (ZWSZ`X|Ä`f c`%ZRaçZ

> `cXf\_\_i^ dVZÖ#  
ücZ`Z` XWcZVW \Z`-s!`#s!  
3j cRc) ZWSZ`X|Ä`f c`#) Z^ RZ

<g`JU\_i^ dVZÖ`  
ücZ` XW`Z`)i##`X|Rf`Z`-s!`#s!  
3j cRc) ZWSZ`X|Ä`f c`#) Z^ RZ

Nölgf Yf eR f^ Vc jöX äYVdRä 3Rf WäZc d^  
\_ V^ R\_UZ 3RcV R\_ V\_ R\_ä eJ R\_ ö`JRc EO<ldVcVZ Z  
d^ VcR 3/ö`|XgZf c\Z\_Xä ölgf V\_ äef YR dZ  
? EG Vc VZ Zä öZ\_ 3Rc d^ öj ( EO< acöV` X  
R 3/ö`|Xä acöVcVZ ZVc\_Z\_ 3RZ i\_ ä^ Zf Z

<V\_Lfc Vc d Yf öZgVdJf\_RcVZ\_Z\_XidV^ ^ Vc Vc  
\_ dRf cä dZÖ W\_L\_Z\_XäVZ YZc WcB 3Rf RæZ Zä^  
3RcV R\_ WcR Sö\YRJU YZc JieJ` X^ Vc R d c Vc VZö VZ

? EG VXX^c^ ZZ faa oc 3gi R\_ ä WR^ 3gi SVdRoc  
YgVf^ `XVZf^ V^ R URZµR Vc V VZ öXR SöR  
j WR 3M VZ\_X`XYÖ VZ f^ Z^ V^ R\_UZ` 3R VZ\_X  
R\_ 3M |R c j c dZ `XgZ|VZ R V\_ R R\_ d d c R^ R  
d f^ LdR d c d c d c^ R i^ B` X V\_ R R\_ d |R ö c^  
Y X`j\_UZ d R` X d` »R Z

ZAV^ ^ ÖVXRZ`XVÖWRZYZif eZ ä^ dZ d V R^ R c V Z  
F\_ B Vc S!%`R\_R\_Yöaf` R` ^ R c R d V\_e\_Z\_X` ä  
göc VcR 3/ö\_f dZ` VgVc V WZ Z\_R Vc d V^ ^ ÖVX  
|cWR\_UZ`XWR^ dVcä 3R\_ Yäe R\_ Yö\_ d R Zä WdH^  
3äef^ \_ ä^ d V B dZ dZ

ntv.is

F AA=äD: ? 8 2C @ 8 D< CÖ? : ? 8 óDö: 2 &ö% %&! ! @ 8 Ö ? EGZD

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.564 -0,24% Fjöldi viðskipta: 170

Velta: 920 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Marel  
Actavis1,91%  
0,73%

## MESTA LÆKKUN

↓ Bakkavör  
Kögun  
Straumur-1,17%  
-0,85%  
-0,49%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,30 +0,73% ... Atorka 5,76 - 0,35% ... Bakkavör 25,30 - 1,17%... Burðarás 12,55 - ... Flugleiðir 12,20 - ... Íslandsbanki 11,40 -0,44% ... KB banki 481,00 -0,41% ... Kögun 46,80 -0,85 ... Landsbankinn 12,70 - ... Marel 53,40 +1,91% ... Medcare 5,90 - ... Og fjarskipti 3,39 - ... Samherji 11,30 -0,44% ... Straumur 10,15 -0,49% ... Össur 82,00 -

## viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Deilur settar í salt

SÍF hefur ráðið nýjan stjórnanda SÍF í Frakklandi. Sá heitir Philippe Darthenucq og kemur frá Labeyrie. Ráðningin kemur ekki á óvart, enda yfirlýst markmið félagsins með kaupum á Labeyrie að næla sér í sterka stjórnendur í Frakklandi. Reksturinn þar hafði verið fyrirtækinu þungur í skauti. Félagið missti á dögnum átta starfsmenn sem stofnuðu fyrirtæki í samkeppni við félagið í saltfisksölu. Nú hefur fjórum af fimm þeirra verið bannað að hefja störf hjá nýju félagi næstu sex mánuði. Áhersla fyrirtækisins færist með kaupnum á Labeyrie yfir á kældra matvöru. Saltfisksalan er því ekki jafn mikilvæg og áður. Einhverjir velta fyrir sér hvort SÍF selji ekki áttmenningunum og Gunnari Erni, fyrverandi forstjóra, saltfisksöluna og losni þannig endanlega út úr þeim rekstri. Þar með yrðu deilumar um uppsagnirnar settar í salt.

## Framsýni í símakapphlaupi

Bjarni Brynjólfsson hefur verið ráðinn fram-

kvæmdastjóri eignastýringar Meiðs. Hann verður því hægri hönd Erlendar Hjaltasonar. Meiður er eitt öflugasta íslenska fjárfestingarfélagið og stærsti hluthafi í KB banka, Bakkavör og Medcare Flögu. Bræðurnir í Bakkavör eru stærstu eigendur Meiðs. Bjarni er þrautreyndur í heimi verðbréfa og fjárfestinga og hefur að undanförmu stýrt lífeyrissjóðnum Framsýn við góðan orðstír. Meiður er talinn hafa mikinn áhuga á kaupum á Símanum. Ráðning Bjarna dregur síst úr þeim orðrómi, því faðir Bjarna heitir Brynjólfur Bjarnason og er forstjóri Símans.



## MARKAÐSFRÉTTIR...

Hagnaður Sparisjóðsins í Keflavík fyrir árið 2004 nam 509 milljónum króna fyrir skatta sam- anborið við 738 milljónir. Árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 409 milljónir samanborið við 604 milljónir árið áður.

Gengi krónunnar hækkaði um 0,27 prósent í gær. Gengisvísitalan sveiflaðist á bilinu 111,50 til 112,10.

Gengisvísitalan byrjaði í 112,10 stigum og endaði í 111,80.

Air Atlanta hefur gert samning við flugfélagið Etihad Airways í Abu Dabi um leigu á einni Airbus A300-600F fraktvél til þriggja ára. Þá liggur fyrir viljayfirlýsing um leigu tveggja annarra. Vélarnar eru nýjar í flugflota Atlanta.

## ALVÖRU ÚTSALA

Fyrir fyrirtæki og einstaklinga

## Nitril hanskar

bláir með púðri



## Latex hanskar

hvítir án púðurs

Verð á hönskum frá aðeins 390 kr/pk



## Sorppokar

Svartir

50 pokar  
Verð áður 1.190 kr.  
Nú aðeins 695 kr.10 pokar  
Verð áður 250 kr.  
Nú aðeins 130 kr.

ELLINGSEN

GRANDAGARÐI 2 – REYKJAVÍK – SÍMI 580-8500

Opíð virka daga 8-18, laugardag 10-16



FRÉTTABLAÐIÐ/ROBERT

GOTT TILBOÐ Eigendur meirihluta í Húsasmiðjunni hugsuðu eign sína í fyrirtækinu til langs tíma. Þeir endurskoðuðu þá afstöðu sína þegar fyrir lá tilboð frá Baugi í hlutinn. Þeir seldu og munu hætta hjá fyrirtækinu.

## Meirihluti í Húsasmiðjunni seldur

Eigendur ríflega helmings hlutar í Húsasmiðjunni gengu um helgina að tilboði Baugs um kaup á hlutum. Baugur fær nýja hluthafa í lið með sér og mun ráða sér nýjan forstjóra.

Baugur hefur keypt út meðeigendur sína í Húsasmiðjunni, þá Árna Hauksson og Hallbjörn Karlsson, sem áttu 55 prósent hlut í fyrirtækinu. Þeir munu láta af störfum í kjölfar eignabreytinganna.

„Við hugsuðum eign okkar í fyrirtækinu til langs tíma, en fengum tilboð sem við gátum ekki hafnað,“ segir Árni Hauksson, forstjóri Húsasmiðjunnar. Árni mun gegna starfi forstjóra þar til nýir eigendur ráða nýjan í starfið en áætlað er að gengið verði frá því á næstu vikum.



ÁRNI HAUKSSON, FORSTJÓRI HÚSASMIÐJUNNAR  
Seldi og hættir innan nokkurra vikna.



SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON HJÁ BAUGI  
Ákveðið að fara með fyrirtækið á næsta stig.

Baugur átti fyrir 45 prósent hlut í Húsasmiðjunni og að sögn Skarphéðins Steinarssonar, framkvæmdastjóra hjá Baugi og stjórnarformanns Húsasmiðjunnar, hyggst Baugur eiga 40 til 45 prósent hlut í fyrirtækinu áfram og verða stærsti hluthafinn. Aðrir fjárfestar munu koma að félaginu. Gert er ráð fyrir að endanlegur hópur hluthafa liggi fyrir á næstu dögum.

Kaupverðið er trúnaðarmál, en

Árni segir þá féлага koma ágætlega út úr viðskiptunum. Skarphéðinn segir ástæðu kaupanna þá að komið hafi verið að því að taka þátt í rekstri fyrirtækisins. „Við höfum átt mjög gott samstarf við þá féлага og vonum að við munum eiga það áfram á öðrum vígstöðvum. Þeir hafa staðið sig vel í rekstri fyrirtækisins. Það varð einfaldlega niðurstaðan að við gerðum þeim tilboð sem þeir tóku.“

Húsasmiðjan er stærsta fyrirtækið í sölu á byggingavörum hér á landi og rekur fyrirtækið 18 verslanir. Fram undan er að setja á fót nýja stórverslun í Grafarholti sem verður stærsta byggingavörverslun landsins undir einu þaki. Auk byggingavörverslana rekur Húsasmiðjan Blómaval, Ískraft og Áltak.

Kaupin eru gerð með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og samþykki samkeppnisyfirvalda.

hafliði@frettabladid.is

## Hlutfjár aukning og kaup

Financial Times segir Actavis ætla að kaupa fyrirtæki í Evrópu og Bandaríkjunum og auka hlutfé samhliða skráningu.

Actavis hyggur á hlutfjár- hækkingu að markaðsvirði um 30 milljarða króna samhliða skráningu í London, samkvæmt frétt sem birtist á vef Financial Times. Í fréttinni er fjallað um fyrirhugaða skráningu Actavis í kauphöllinni í London. Félagið hefur ekki sent frá sér tilkynningar um hlutfjár- hækkingu né heldur um

tímasetningu skráningar.

Financial Times segir einnig frá því að fyrirtækið sé að undirbúa mikilvæga yfirtöku á evrópsku félagi og hagleiði auk þess stór kaup í Bandaríkjunum til þess að brjóta sér leið inn á stærsta samehtalyfjamarkað í heimi, sem er sá bandaríski.

Samkvæmt frétt Financial Times stefnir félagið að því að tilkynna tímasetningu skráningar og hlutfjárútbóðs í kjölfar ársuppgjörs síns. Actavis frestaði skráningu á erlendan markað fram á þetta ár og var sú skýring gefin að innleiðing reikningsskilastaðla réði þeirri ákvörðun.



HLUTFÉ AUKIÐ Róbert Wessman og stjórnendur Actavis hafa verið tímálmir skráningu í London. Financial Times segir félagið ætla að auka hlutfé og freista skráningar með vorinu.

- hh

# Gamlir kunningjar og vinir

## TÓNLIST

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Það er óskaland íslenskt**

Kór Áskirkju  
Stjórnandi: Kári Þormar

Kór Áskirkju hefur sent frá sér hljómdisk með íslenskum ættjarðarlögum. Stjórnandi kórsins er Kári Þormar.

Tónlist er ung listgrein á Íslandi og tónsmíðar í þeim skilningi sem nú er lagður í það orð hafa hérlendir menn ekki stundað nema í rúma öld. Á fyrri hluta tuttugustu aldar stóð blómskeið íslenska sönglaga. Allt í einu var kominn hópur fólks sem hafði orðið sér úti um grundvallarþekkingu í

tónfræði og hljómfraði og farinn að semja lög við íslensk ljóð. Almennur tók þessu listræna framtaki með þökkum og íslensk sönglög voru sungin við öll hugsanleg tækifæri. Þetta leið svo hjá eins og annað. Poppið tók yfir smekk almennings. Fjölmíðlafrægð íslenska sönglaga stóð lengst í síðasta lagi fyrir fréttir. Það lifir enn góðu lífi í smærri hópum en fyrr, meðal áhugafólks um tónlist.

Á hljómdiski Kórs Áskirkju eru 24 lög eftir litlu færi höfunda. Elsta tónskáldið er Jónas Helgason (1839-1903), þau yngstu eru núlifandi fólk, Jón Ásgeirsson, Jón Nordal og Jónrunn Viðar. Öll eru lög in þekkt og ljóðin sömuleiðis. Það er ánægjuleg reynsla að hlusta á þennan disk. Þarna eru

allt gamlir kunningjar og vinir. Það gildir jafnt um elstu lögin sem þau yngri að þau eru vandvirkislega samín. Laglínur eru vandlega byggðar og hljómsætingin eftir kúnstarinnar reglum og oft býsna fjölbreytt. Lögin gefa ekkert eftir ljóðunum sem flest eru eftir hin bestu ljóðskáld þjóðarinnar og sum þeirra eru hreinar perlar. Gott er til þess að vita að almennur í landinu hafi einhvern tíma haft smekk fyrir svo góðri tónlist. Það gæti gerst aftur síðar.

Diskurinn er gefinn út á 100 ára afmæli heimastjórnar. Hann er allur hinn vandaðasti í frágangi, umbúðir smekklegar og ítarlegur bæklingur fylgir þar sem söngtextar eru birtir á mörgum tungumálum. Smári Ólafsson

ritar fróðlega ritgerð um efnið og veitir upplýsingar um bæði ljóðskáld og tónskáld.

Kári Þormar er ungur tónlistarmaður sem stofnaði Kór Áskirkju 2001. Þetta er frumraun þeirra í diskaútgáfu. Flutningur kórsins er hreinn og tær, texti heyrir óvenju vel og öll meðferð laganna er vandvirkisleg. Kórinn virðist hafa ágætum röddum á að skipa einkum hafa sópranraddirnar fallegan blæ. Þetta er góð byrjun hjá hinum unga stjórnanda og lofar góðu um framhaldið. Sverrir Guðjónsson stjórnandi upptökunni og hefur honum tekist vel hin vandasama kúnst að gefa lífandi hljóð án þess að texti fari forgörðum.

Þessi hljómdiskur er upplagður til



**ÍSLENSK ÆTTJARÐARLÖG** Diskurinn er allur hinn vandaðasti í frágangi, umbúðir smekklegar og ítarlegur bæklingur fylgir þar sem söngtextar eru birtir á mörgum tungumálum.

kunningjar á hinu klassíska íslenska sönglagi. Þarna er sýnishorn af því besta, fram sett af smekkvísi og vandvirkni með tilheyrandi ítarefni til að fræða jafnt innvígða sem ókunna. ■

# Linda hlýtur Ljóðstafinn

Linda Vilhjálmstöddir hefur hlotið Ljóðstaf Jóns úr Vör, árleg ljóðlistarverðlaun sem

veitt eru að lokinni samkeppni þar sem öllum er frjálst að senda inn frumsamin ljóð á íslensku. Að þessu sinni voru innsend ljóð 243



og eftir gaumgæfilegan lestur komst dómnefndin að þeirri niðurstöðu að verðugur handhafi Ljóðstafs Jóns úr Vör árið 2005 sé Linda Vilhjálmstöddir fyrir ljóð sitt „Niður“.

Í ljóðinu yrkir Linda í orðastað sálar síra Hallgríms Péturssonar, þeirrar sem hann sendir „upp, upp“, ásamt öllu sínu geði, í fyrsta Passíusálmi. Sálinni er nú farin að leiðast vistin í efra og yrkir sig niður í hjartað á nýjan leik. Dómnefnd var einróma í vali sínu á „niður“ og þykir Lindu hafa tekist frábærlega að brúa tímana tvenna, hið andlega og hið veraldlega, hið hátíðlega og hið létt leikandi, í ljóði sem er þrauthugsað að gerð og inntaki. Ásamt því að fá hinn silfurbúna Ljóðstaf Jóns úr Vör til varðveislu í eitt ár hlýtur Linda 400.000 krónur í verðlaun.

Samkvæmt þeirri hefð sem myndast hefur við veitingu Ljóðstafs Jóns úr Vör veitir dómnefndin einnig tvær 100.000 króna viðurkenningar fyrir ljóð sem vöktu sérstaka athygli hennar. Annað þeirra, „Sónata fyrir forynju og fylgiródd“, reyndist einnig vera eftir Lindu, en hitt ljóðið, „Fæðing“, er eftir Val B. Antonsson, ungt skáld sem gaf út sína fyrstu ljóðabók, „Ofurmennisþrá“, haustið 2004.

Í dómnefnd sátu Hjörtur Pálsson, ljóðskáld og þýðandi, Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur og Sjón rithöfundur sem var formaður dómnefndar. ■



**NICOLA STATTMANN** Flytur erindi um notkun nýrra efna í iðnhönnun.

# Notkun nýrra efna

Þýski iðnhönnuðurinn Nicola Stattmann flytur í dag fyrirlestur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, um ný efni sem komin eru fram á sjónarsviðið og alla þá óþrjótandi möguleika sem þau opna fyrir hönnun og nýsköpun.

Nicola hefur sérhæft sig í ráðgjöf varðandi ný efni og tæknimál þeim tengdum. Hún hefur meðal annars skrifað bókina „Ultra Light – Super Strong“ og haldið fyrirlestura og námskeið víða. Hún er gestakennari hjá vörhönnunardeild Listaháskóla Íslands. ■

TÖLVULISTINN

SÚPERTURN

SÚPERTURN 5 DELUXE UPPFÆRSLA

**Western Digital**

**CORSAIR**

**intel inside pentium 4**

**ATI RADEON**

**MSI**

**HENTAR VEL Í UPPFÆRSLU Á ELDRI TÖLVUBÚNAÐI**

**PRESCOTT**  
Öflugur örgjörvi frá Intel með 1MB í skyndiminni, 800FSB og HT tækni tryggir hraðann

**LÍFSTIÐARÁBYRGÐ**  
512MB DDR400 hágæða vinnsluminni frá Corsair, 100% prófað og með lífstíðarábyrgð

**MSI MÓÐURBORD**  
MSI 848P NEO-V mórborðið er í hæsta gæðaflokki og með AGP8x, 5xPCI og 6x USB2 tengi

**RADEON RX9250**  
ATI Radeon RX9250 með 128MB er öflugt kort sem er frábært í nýjustu leikina

**200GB 7200RPM**  
Hljóðlátari og endingarbetri 7200RPM diskur frá Western Digital með 8MB buffer

**HLJÓDLÁT VINNSLA**  
Vandaður og hljóðlátur Dragon turnkassi með hurð og 2 USB 2.0 tengjum að framan

**Örgjörvi** 3.0GHz Intel Pentium 4 Prescott 1MB flýtiminni - **800FSB + HT**

**Vinnsluminni** 512MB Corsair DDR 400 400MHz með lífstíðarábyrgð

**Harðdiskur** 200GB 7200RPM - **8MB**

**Skjákort** Western Digital Special Edition 128MB DDR Radeon RX9250 frá MSI með AGP8x og TV-út tengi

**Hljóðkort** Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi 6 Rása Dolby Digital hljóðkerfi

**Netkort** Vandað 10/100 base Vandað innbyggt netkort

64.900

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harðdiskurinn er forsníðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: Geisladrif, diskettudrif og styrkerfi. Svo notar þú að sjálfsgöðu gamla skjáinn, lykklaborðið og músina.

ÖLL VERA ERU STAÐRENSLUVÆR MEB VINDSAMASKATTI OG BIRT MEB FRIRMARKA UM BRETTINGAR OG PRENTVILLUR

Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730  
Tölvulistinn • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400





@üZW\ [ òe] Sd;E8

f [ ^ Z S \_ [ Y \ g ^



e] f d Y ^  
ft; Y j \ < g c | j ^ a ^

R H M / 4 g j ^ j < l l

Ed [ ^ V X [ 1/4 We S Á ` ü S f U S d V i ò ] W d ~ Á Z W g d h W d [ Á e W f g b b  
1/4 a W 1/4 e d T a Á [ Á S Á ^ X S X d i f f  
h [ ] g ` S \$ ' ž \ S ` ø S d f [ ^ # ž X W d ø S d ` ] ž

f l 5 S d V i a F Z W f W W e ò h S c b e | W ~ 1/4 S d e W Z h W f W e f S | f g b b Z [ f g ` S d ^ ] [ W d \_ W Á # Š e ò ` h S c b e e ] \ à ž  
· é d Y W f | a e f g d â S Á h W S g \_ # \$ \_ [ e \_ g ` S ` V | e ò ` h S c b e e f ô Á h S d f [ ^ S Á Z a d S â \_ W Á S ` 1/4 a ~ d . S Á Y W e f W | [ € a f f S d S ^



# a d f  
a y  
& e f ô Á h S d  
â h i e g ` â h W ^ i Á S ^  
32 ë 9 Î D : ë  
36 E C F ? 2 C 9 Î D : ë  
D A @ C E 9 Î D : ë  
ú C 6 < 9 Î D : ë





# TOTAL COUNSELLING

## LOKARÁÐSTEFNA

### TOTAL COUNSELLING VERKEFNISINS

Föstudaginn 28. janúar 2005 frá 13.00 – 17.00  
Menningarmiðstöðinni í Gerðubergi

Total Counselling (*Totalráðgjöf*) er 2 ára frumkvæðisverkefni um heildræna ráðgjöf fyrir ungt fólk sem styrkt er af Leonardo da Vinci styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Verkefninu lýkur 31. janúar 2005.

Í verkefninu var skoðuð staða heildrænnar ráðgjafar við ungt fólk í þáttökulöndunum og dregin saman aðferðafræði slíkrar ráðgjafar. Á ráðstefnunni verða niðurstöður verkefnisins tengdar við helstu stefnur og strauma um ráðgjöf við ungt fólk í Evrópu og aðalafurð verkefnisins „Handbók um heildræna ráðgjöf“ kynntar ráðstefnugestum.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur og Hitt Húsið hafa stýrt verkefninu en þáttökulönd auk Íslands eru England, Ítalía og Slóvenía.

## Dagskrá

- 13.00–13.10 **Setning ráðstefnu**
- 13.10–13.40 **Heildræn ráðgjöf og stefna Evrópusambandsins**  
**Handbók Total Counselling verkefnisins**  
Leigh Henderson, ráðgjafi hjá NICEC í Bretlandi
- 13.40–14.00 **Þarfir ungs fólks fyrir heildræna ráðgjöf:**  
**Niðurstöður rannsókna sem tengjast verkefninu og staða ungs fólks**  
Dr. Steinunn Hrafnadóttir, lektor
- 14.00–15.00 **Staða og stefna heildrænnar ráðgjafar**  
**í þáttökulöndunum**  
Frummælendur frá Englandi, Slóveníu, Ítalíu og Íslandi
- 15.00–15.15 **Kaffihlé**
- 15.15–15.45 **Tótalráðgjöf og samstarf stofnana í Reykjavík**  
Gísli Árni Eggertsson, aðst. framkvæmdastjóri ÍTR
- 15.45–16.15 **Hverfa- eða garðavæðing félagslegrar þjónustu**  
**í Reykjavík og heildræn ráðgjöf við ungt fólk**  
Óskar Dýrmondur Ólafsson, framkvæmdastjóri  
Þjónustumiðstöðvar í Vesturbæ
- 16.15–16.45 **Léttar veitingar**

Skráning er á [fraedsla@itr.is](mailto:fraedsla@itr.is)



Allar nánari upplýsingar er að finna á [www.totalcounselling.org](http://www.totalcounselling.org)

## STUÐ MILLI STRÍÐA :: Hvar er þjónustan?

ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON VANN Á BENSINSTÖÐ OG MISSTI TRÚNA Á MANNKYNNINU.

MYND: HELGI SIGURSSON



Ég hef ekki enn öðlast fulla trú á mannkyntinu eftir að hafa unnið fyrir mér sem bensínafgreiðslumaður á síðari hluta nýliðinnar aldar. Meintir „viðskiptavinir“ (annað orð yfir manneskjur) hafa einkennilega ríka tilhneigingu til þess að sýna sínar verstu hliðar þegar þeir standa andspænis fólki í þjónustustörfum, fólki sem er uppálagt, af vinnuveitendum sínum, að láta allt yfir sig ganga og þar með hefur hinn almenni, vansæli og illa fullnægði fýlupúki fengið skotleyfi á það.

Á bensinstöðinni fékk maður yfir sig gusurnar frá stjórnmalafólki, sjónvarpsstjörnum og alls

konar öðru liði sem grundvallar tilveru sína á því að smjæðra fyrir almenningi þegar því hentar og brosa þess á milli til þeirra sauðsvörtu af forsiðum Séð og heyrð þar sem allir eru svo svakalega ánægðir með sig og glaðir yfir því að vera til.

Meðaljóninn var svo sem litlu skárri en fræga fólkið en einhvern veginn fannst manni honum frekar stætt á því að kasta grímu síðmenntaðrar manneskju á almanna-færi og breytast í óargadýr sem er að kafna úr frekju og sérgæsku.

Það eru markaðsöflin sem hafa grafið svona heiftarlega undan mennsku okkar með því að skapa fólki svigrúm til að niðast á sjálfsvirðingu náungans í skjóli svokallaðrar „þjónustu“ en síðan þjónustan

varð að markaðstæki hefur mannkyntið færst stöðugt nær því að verða hjörð ofdekraðra og sérhlíf-inna aumingja.

Halli gamli sem vann með mér hafði lagt vegi og brýr yfir landið þvert og endilangt og byrjað að draga afla að landi á barnsaldri til þess eins að sitja, á efri árum, undir fúkyrðaflaumum flotræfla á Glitnisbílum sem fengu ekki nógu góða þjónustu. Það er eitthvað sorglegt við þetta en Halli brást við yfirganginum með því að bjóðast til að koma heim með fólki og vaska upp og ryksuga fyrir það. Hann tautaði svo í hálfum hljóðum að lífið hefði verið betra í den þegar þjónustan var bara veitt í kirkjum og hjá vændiskonum. ■

# Hvað á barnið að heita?

Vertu með í nafnasamkeppni fyrir nýju talmálsstöðina á [visir.is](http://visir.is)

365

Sumarfrí á ítölsku rívíerunni í verðlaun fyrir besta nafnið

Pann 11. febrúar hefjast útsendingar á nýrri talmálsstöð á fm 90,9.

Þar verður fjallað um allt milli himins og jarðar: íslenskt samfélag, umheiminn, menningu, listir, stjórnmál. Gagnrýnin og markviss umræða, fróðleikur, skemmtun - það eru okkar markmið.

Okkur vantar nafn á stöðina og leitum til ykkar. Farðu á [visir.is](http://visir.is) og skilaðu þínum tillögum fyrir fimmtudagur 27. janúar.



[www.urvalutsyn.is](http://www.urvalutsyn.is)

visir

## myndasögur

### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli



### ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



### ■ KJÓLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



### ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott







HOUSE OF FLYING DAGGERS Þessi magnaða kínverska mynd hefur farið sigurför um heiminn og ratar til Íslands í apríl þar sem hún verður sýnd með öðrum úrvallmyndum á Iceland Film Festival 2005.

# Hátíð umdeilda mynda

Það verður mikið um dýrðir á Iceland Film Festival 2005 sem hefst 7. apríl en í gær var tilkynnt um sex myndir sem verða á dagskrá hátíðarinnar. Þar leynist hvert trompið á fætur öðru í afskaplega fjölbreyttu úrvali mynda úr ólíkum áttum og heimshornum. Myndirnar hafa allar vakið mikla athygli, ekki síst fyrir bersögli og harkaleg tók á viðkvæmum málum þannig að það er óhætt að segja að það verði

boðið upp á eldfimt efni á hátíðinni. Það eru myndirnar Beautiful Boxer, Downfall, House of Flying Daggers, I Heart Huckabees, Maria Full of Grace og 9 Songs sem hafa bæst við þetta glæsilega úrval en áður var búið að bóka Mala educación, nýjustu mynd spænska leikstjórans Pedro Almodóvar, Ett Hål i mitt hjarta eftir Svíann Lukas Moodysson og gamanmyndina Garden State eftir Zach Braff. ■

**Beautiful Boxer** eftir Ekachai Uekrongtham er frá Taílandi. Myndin byggir á sönnum atburðum og fjallar um frægan sparkboxara sem sigraði alla andstæðinga sína í Taílandi og Japan og barðist alla leið á toppinn – til þess að eiga fyrir kynskiptiaðgerð.

**Þýska myndin Downfall** eftir Oliver Hirschbiege, sem gerði síðast hina mögnuðu mynd „Das Experiment“, er leikin mynd um Hitler. Hún hefur vakið mikil viðbrögð fyrir það að sýna Hitler sem raunverulega og flókna manneskju. Gagnrýnendur eru sammála um að aldrei áður hafi persónu Hitlers, sem og síðustu ævidögum, verið gerð jafn góð skil.

**Kínverska myndin House of Flying Daggers** eftir Yimou Zhang, leikstjóra Hero, er epísk bardagamynd og ástarsaga sem keppti um Gullpálmann í Cannes, var valin besta erlenda mynd síðasta árs af gagnrýnendum í Los Angeles og í Boston. Myndin var einnig tilnefnd sem besta erlenda myndin á Golden Globe og Evrópsku kvikmynda-verðlaununum og hlaut 9 tilnefningar til bresku BAFTA verðlaunanna, þ.á.m. sem besta erlenda myndin og og fyrir bestu leikkonu ársins.

**Bandaríska gamanmyndin I Heart Huckabees** er eftir David O. Russell sem vakti fyrst athygli á með Spanking the Monkey árið 1994, fylgdi henni eftir með Flirting with Disaster og festi sig í sessi með Three Kings. Í þessari nýju mynd hefur hann fengið til sín mikinn stjórnumfans: Jason Schwartzman, Mark Wahlberg, Dustin Hoffman, Lily Tomlin, Jude Law, Naomi Watts og Isabelle Huppert.

**Maria Full of Grace** segir frá Maríu, lífsglaðri unglingsstúlku sem býr með þremur ætliðum í litlu húsi í Kólumbíu. Freistandi boð um skjótan gróða og spennandi ferðalög umturnar lífi hennar. Það sem átti að vera auðvelt verkefni breytist í martröð þegar henni er fyrirvaralaust kastað í harða undirheima eiturlyfjanna. Myndin er eftir Joshua Marston sem þykir með efnlegustu ungleikstjórnum um þessar mundir.

**9 Songs** eftir Michael Winterbottom er sjálfsagt ein umdeildasta myndin sem boðið verður upp á á hátíðinni en það má segja að hér sé í fyrsta sinn komin klámmynd frá alvöru leikstjóra með alvöru leikurum. Winterbottom fer iðulega ótröðnar slóðir en hann á að baki myndir á borð við 24 Hour Party People, Welcome to Sarajevo og Jude. Hér brýtur hann blá í kvikmyndasögunni þar sem aldrei áður hefur verið sýnt jafn mikið af raunverulegum kynlífsathöfnum á hvíta tjaldu, í það minnsta ekki í mynd sem ætluð er til almennrar dreifingar eftir virtan leikstjóra með lærðum leikurum.

Myndin er einföld, kostaði lítið sem ekkert og tókuliðið taldi þrjá að meðtöldum Winterbottom, sem tók hana upp án handrits. Strákur og stelpa hittast og stunda kynlíf alla myndina, milli þess sem þau skreppa á klúbba til að fylgjast með vinsælustu hljómsveitum Bretlands koma fram.

## ■ KVIKMYNDIR

# Vill ekki alvarlegt samband

Hjartaknúsarinn Colin Farrell telur að hjónaband hans sem fór í vaskinn fyrir nokkrum árum valdi því að hann hugsi sig tvisvar um áður en hann stofni til alvarlegs sambands.

Farrell var kvæntur leikkonunni Amelia Warner í fjóra mánuði árið 2001 en hefur ekki verið í nánu sambandi síðan. „Ég hlýt að eiga við vandamál að stríða. Síðasta samband mitt var þegar ég var kvæntur í fjóra mánuði. Kannski hefur það haft meiri áhrif á mig en ég hef hingað til

talið,“ sagði Farrell, sem er 28 ára. „Ég er ekkert hræddur við að verða ástfanginn. Það er vandamálið. Ég verð ástfanginn allt of auðveldlega.“ ■



COLIN FARRELL Írski hjartaknúsarinn var kvæntur í fjóra mánuði árið 2001.

## Á HESTBAKI

JENS EINARSSON FJALLAR UM HESTA OG HESTAMENNSKU

# Að koma sér á netið

Það sem brennur einna mest á þeim sem hafa atvinnu af hestamennsku er hvernig á að markaðssetja það sem til sölu er: Hvernig á ég að láta vita af því að ég sé mjög góður og samviskusamur tamingamaður? Að ég sé með pottþétt hross til sölu? Og sem reiðkennari sé ég alveg sér á parti? Reynslan hefur sýnt að einna áhrifaríkasta markaðssetningin fyrir atvinnumann í hestamennsku er að ná árangri í keppni og vera framarlega á sýningum. Þeir sem hafa kunnað að notfæra sér slíkan árangur hafa komið ár sinni vel fyrir borð og njóta ávaxtanna af því. Má þar nefna kappans og Sigurbjörn Bárðarson og Gunnar Arnarson.

En það að komast í sviðsljósið er ekki eina leiðin til að ná fótfestu. Við þekkjum allnokkra aðila sem kjósa að láta lítið á sér bera en hafa nóg að gera; sem tanningamenn, hestasölumenn eða reiðkennarar, t.d. Magnús Svavarsson á Blesastöðum, Gunnar Ágústsson á Galtastöðum og Sigrún Sigurðardóttir, reiðkennari í Reykjavík. Þetta er fólk sem hefur kosið að fara eigin leiðir í kyrrþey en áunnid sér orðspor með vinnusemi og nýtur trausts fyrir verk sín. En sú leið sem menn horfa einna mest til í dag til að koma sér á framfæri er netið. Ótal heimasíður um hesta, hrossabú og hestamennsku hafa sprottið fram á skjáinn undanfarið ár. Síður þessar eru æðli misjafnar að gerð og lífa mslengi. Sumar hafa náð fótfestu og eru vel sóttar. Er þá ekki átt við hestafréttavefina þrjá: Eiðfaxa, Hesta og 847, heldur síður einyrkjanna, stóru og smáu, sem keppast við að ná athygli fjöldans á miðli þar sem



Á NETINU Knapinn Hinrik Bragason og Skemill eru komnir á netið.

keppinautarnir eru nánast eins og ryk, en þó aðgreinanlegir, og þar getur hugkvæmni og framsetning skipt máli.

Kunningi minn í stétt matreiðslumanna, sem býður upp á margs konar vöru og þjónustu, hefur verið með síðu á netinu í nokkur ár en ekki fengið nema eina fyrirspurn þar í gegn þrátt fyrir að vera með fjölda virkra leitarorða. Hann hefur misst trúna á miðlinum. Annar kunningi í sömu stétt hefur allt aðra sögu að segja, selur grimmt og dásamar netið á alla kanta.

Og þannig er þetta í hestamennskunni líka. Sumar síður hafa

aðdráttarafl en aðrar ekki. Hvað það er sem skilur á milli er ekki alltaf augljóst en það er greinilega ekki nóg að hafa það á boðstólum sem fólk leitar eftir, það verður að matreiða það rétt.

Við látum fylgja hér slóðir á tvær nýlegar heimasíður í hestamennskunni, sem eru hvor með sínu yfirbragði, annars vegar frá keppnisfólki úr höfuðborginni, Hinriki Bragasyni og Huldu Gústafsdóttur: www.hestvit.is og hins vegar frá bændum í dreifbýlinu, Jóhanni B. Magnússyni og Guðnýju Helgu Björnsdóttur á Bessastöðum í Húnaþingi: www.simnet.is/bessast/ ■

Zís á t & g. Þis Á z z & q d r á q g g s ' m 4 L y r y h Y g v 4 P 6 6 4 p t { x & g. g n k x } Zu 6 u z g & g y & v v & Q g s g n k t z y 4 P k v v g x & 4 6 6 4 p t { x & g. g n k x } Zu 6 u z g & g j : & v v & Zu 6 u z g & g t j & x g k x & 0 t d g r d & k x d k x & z g q s g x g U l x g q y z x a m t a g y v z e m m u m

æq| gXÜgt o&X| &xlÜgX&YÁ x&x| g{ Ü| kj gX& Pknx&s " m{ ikogxt o&X| &agx&84

Fólksbilar

kr. 3.900

litlir bilar

Jeppar

kr. 6.900

stórir bilar

# Hj nkz& Ygk ong& kxÜ

## kø lgrz& gr4

Hj nkz& Ygk ong& & -8&6-62&1 { nr{ | um&76&2&76: &k&6&g&g| Y&2& } } 4{ j nkz&4y  
Hj nkz& Ygk ong& & & l& z& g& g t j g z U l s & g t j a { @&k&6&g&g| Y&2& k& l& g| Y&2& g& l x&6&v&2& m& y& z: U l s 2& k&6& l& g& l& z& k& y& z& g t g& k& e& s 2&  
Y&2& y& n l t 2& u& s' q& n' l t & m& t& g& g& g& 4



**FRÁBÆR SKEMMTUN**

**SAMBÍÓIN**

KRINGLAN

★★★★ Ian Nathan/EMPIRE

**ALEXANDER**

STÆRSTA ÞRÍÐSÖGN ALLRA TÍMA VAK SÖNN

Epísk stórmýnd sem fólk verður að sjá. Frá leikstjóranum Oliver Stone.

Sýnd kl. 6, 8 og 10 **b.i. 14**

★★★★ Kvikmyndir.is

**UNFORTUNATE MEN**

Ein vinsælasta myndin í USA í 4 vikur samfleytt.

Sýnd kl. 6, 8, 15 og 10.30

★★★★ Kvikmyndir.com

**THE INCREDIBLES**

FRÁ FRAMLEIÐENDUM FINDING NEMO

Yfir 32.000 gestir

Sýnd kl. 5.45 m/isl. tali

**REGNBÖGINN**

Fvethögna 12 981 9000

Frá leikstjóra About Schmidt kemur ein athyglisverðasta mynd ársins. ★★★★★ TV Kvikmyndir.is

Hlaut tvönn Golden Globe verðlaun Besta myndin Besta handritið

Skyldu-áhorf fyrir biofólk, ekki spurning!

**SIDEWAYS**

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 **B.i. 14 ára**

Tilnefnd til 5 Golden Globe verðlauna þ.m.m. besta mynd, leikstjóri og leikari í aðalhlutverk.

★★★★★ NMJ Kvikmyndir.com

Ein stök mynd um höfund hinar sigildu sögu um Pétur Pan.

★★★★ SV Mbl „Ein snjallasta mynd ársins... Ögleymanleg... ljúf kvikmyndaperla.“

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

★★★★★ Mbl

**TAXI**

Sýnd kl. 6 og 8 **b.i. 10**

★★★★★ Mbl

**SAW**

Sýnd kl. 6, 8 og 10 **b.i. 16**

**LAUGARÁS BÍÓ** 553 2075

**Birth**

★★★★★ HJ - MBL

★★★★★ ÓÖH - DV

★★★★★ Kvikmyndir.com

Sýnd kl. 6, 8 og 10 **b.i. 16**

Dómefnadarverðlaunin í Cannes. Valin besta erlenda myndin í Bretlandi. Myndin sem Quentin Tarantino elskar!

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20 **b.i. 16**

★★★★★ Mbl

**BLADE**

Sýnd kl. 10.10 **b.i. 16**

**BÚI & SIMON**

Miðaverð 400 kr.

Sýnd kl. 6 **isl. tal**

■ TÓNLIST

# Tónleikaferð í lok mars

Hljómsveitin U2 ætlar að hefja tónleikaferð sína um heiminn til að fylgja eftir plötunni *How to Dismantle an Atomic Bomb* í San Diego 28. mars.

Ferðin átti upphaflega að byrja í Miami 1. mars en öllum tónleikum var þá frestað vegna veikinda í fjölskyldu eins af meðlimum sveitarinnar. U2 mun halda rúmlega 100 tónleika víðs vegar um heiminn til að fylgja plötunni eftir. Rokksveitin Kings of Leon mun hita upp fyrir sveitina í Bandaríkjunum fram í lok maí. Þann tíunda júní í Brüssel heldur U2 síðan fyrstu tónleika af þrjátíu í Evrópureisu sinni.

„Fólk vill sjá U2 og finnst það verða hluti af einhverju sérstöku,“ sagði trommarinn Larry

Mullen Jr. „Fólk tengist U2 á óvenjulegan hátt. Það treystir hljómsveitinni og trúir á það sem við gerum. Það er miklu stærra en tónlistin sjálf.“

U2 er tilnefnd til þriggja Grammy-verðlauna fyrir smáskífulagið *Vertigo*. Sveitin mun jafnframt koma fram á hátíðinni sem verður haldin í Los Angeles 13. febrúar. ■

U2 Rokksveitin U2 hefur tónleikaferðalag sitt um heiminn 28. mars.



■ FRÉTTIR AF FÓLKI

Hljómsveitin **Oasis** er að leggja lokahönd á nýja plötu sem á að koma út um miðjan maí. Að sögn Noel Gallagher, forsprakka sveitarinnar, eiga þeir félagar 66 lög á lager en aðeins 11 til 12 fá að hljóma á plötunni, sem upphaflega átti að vera tvöföld. Vinnuheiti hennar er *Don't Believe The Truth*.

Leikarinn **Christian Slater** og eigin kona hans, **Ryan Haddon**, hafa ákveðið að fara hvort í sína áttina, í bili að minnsta kosti. Ástæðan ku vera sú að Haddon vill ekki búa í Englandi með Slater, sem hefur farið þar með hlutverk í leikritinu *One Flew Over the Cuckoo's Nest*. Haddon vill flýttast aftur til Bandaríkjanna með börnin þeirra tvö og því ákváðu þau að skilja að skiptum.



■ SJÓNVARP


# Konungur spjallþáttanna látinn

Spjallþáttastjórnandinn fyrrverandi **Johnny Carson** lést á sunnudagsmorgun eftir þriggja ára veikindi. Hann var 79 ára. Carson sló í gegn árið 1962 þegar hann tók við stjórn þáttarins *The Tonight Show* á NBC-sjónvarpsstöðinni.

Eftir þriggja áratuga starf hætti hann með þáttinn og dró sig alfarið í hlé frá fjölmiðlum. Við starfi hans tók Jay Leno, sem hefur verið með kvöldþáttinn allar götur síðan.

Carson var ákaflega vinsæll spjallþáttastjórnandi og átti auðvelt með að létta lund Bandaríkjamanna með gamansemi sinni. Einnig þótti hann einlægur og var ófeiminn við að gera grín að sjálfum sér og eigin breyskleika, en ýmislegt gekk á hjá honum í einkalífinu. Kvæntist hann meðal annars þrisvar sinnum. Þrátt fyrir að Carson hafi horfið af skjánum fyrir þrettán árum er hann Bandaríkjamönnum enn í fersku minni sem konungur spjallþáttanna.

„Allir okkar sem komu á sjónarsviðið á eftir honum eru bara hermikrákur. Við munum aldrei sjá neinn líkan honum aftur,“ sagði **David Letterman**, stjórnandi kvöldþáttar CBS-sjónvarpsstöðvarinnar. **George W. Bush** Bandaríkjaforseti sér einnig á eftir Carson og lýsir honum sem „traustum og upplífandi náunga sem öll heimili í Bandaríkjunum horfðu á í þrjá áratugi. Skopskyn hans og innstæi fékk Bandaríkjamenn bæði til að skella upp úr og hugsa. Hann hafði líka mikil áhrif á bandarískan lífsstíl og afþreyingu.“



**JOHNNY CARSON** Johnny Carson skellir upp úr við upptökur á síðasta kvöldþætti sínum í maí árið 1992.

Aðstoðarmaður Carsons, **Ed McMahon**, kynnti hann á svið fyrir hvern einasta þátt með miklum látum. Setningin „Heeeeeere's Johnny!“ hefur þannig lifað vel og lengi í minningu Bandaríkja-

mannanna í gegnum árin. „Enginn einstaklingur hefur haft jafn mikil áhrif á sjónvarpið og Johnny,“ sagði eftirmaður hans, **Jay Leno**. „Hann var sá sem allir litu upp til af lotningu.“ ■

**MODERNUS** SAMRÆMD VEFMÆLING\* VÍKA NR. 03: 17.01. - 23.01. 25 efstu eftir fjölda notenda

	VEFUR	NOTENDUR	INNLIÐ	FLETTINGAR
1.	mbl.is	162.449	1.172.576	6.113.044
2.	visir.is	129.517	539.678	4.947.022
3.	hugi.is	115.434	221.851	1.269.889
4.	leit.is	95.661	421.379	1.636.295
5.	eve-online.com	60.282	232.876	3.128.426
6.	barnaland.is	42.702	206.806	5.073.995
7.	ruv.is	35.351	97.587	415.473
8.	kvikmyndir.is	15.510	23.778	356.128
9.	humor.is	13.988	37.509	217.783
10.	doktor.is	13.108	22.544	222.888
11.	shopusa.is	12.707	24.274	70.672
12.	bt.is	12.030	25.152	205.589
13.	femin.is	11.973	29.357	380.114
14.	visindavefur.hi.is	11.742	15.125	66.882
15.	textavarp.is	10.620	20.161	27.269
16.	vikurfrettir.is	10.362	27.102	115.711
17.	rsk.is	8.302	18.213	101.205
18.	reykjavik.is	8.283	13.287	49.172
19.	skidasvaedi.is	7.823	19.264	117.290
20.	gras.is	7.637	21.040	64.277
21.	sport.is	7.635	24.575	129.337
22.	tonlist.is	7.345	11.701	79.734
23.	hhi.is	7.261	10.046	42.558
24.	habil.is	7.160	15.191	140.563
25.	icetourist.is	6.784	8.510	66.159

Sjá á [www.modernus.is/sv](http://www.modernus.is/sv) og textavarp RÚV síðu 631 Öllum vefjum stendur til bóða að taka þátt í Samræmri vefmælingu.

VERSLUNARÁÐ ISLANDS



**VIÐ MÆLUM MEÐ...**

**INNLIT/ÚTLIT**

Skjár einn kl. 21.00

Tölvupóstur þáttarins er innlitutit@s1.is.

**Uppskrift frá stjórnupari**

Í þessum þætti fá áhorfendur dúnduruppskrift frá skemmtilega sjónvarpsstjórnuparinu Svanhildi Hólmi og Loga Bergmanni sem elda saman og sýna Völu Matt húsakynni sín. Einnig verða Hera Gríms og Steinarr Lár áfram svöl og sýna okkur fleiri sniðugar hugmyndir úr 70s-íbúðinni sinni. Úrslitin úr baðherbergis- og forstofuleiknum okkar

hafa verið kynnt og sýndar verða fyrstu breytingarnar. Svavar Örn, Popptívi-maður og tískulögga sýnir okkur meira af stór-glæsilega húsinu sínu ásamt Danna, kærastanum hans. Einnig ætla sjónvarpsstjarnan Þórhallur Gunnarsson og Brynja kona hans að taka í gegn baðherbergið sitt og mun Innlit/útlit fylgjast með því.



Þórhallur og Brynja leyfa Völu að fylgjast með breytingunum á baðherberginu sínu.

**ÚR BÍÓHEIMUM**

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Ya ain't got any loose food layin' around that ya ain't usin', has ya, Mrs. Lady?“

Svar: Sýmie úr kvikmyndinni The Pooch frá árinu 1932.

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Þjóðbrók 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Sáðmenn söngvanna 11.03 Samfélagið í nærmynd  
12.20 Hádegisfréttir 13.05 Silungurinn 14.03 Útvarpsagan, Tristan 14.30 Í þjónustu hennar hátignar 15.03 Silfurplötur íðunnar 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá  
18.00 Kvöldfréttir 18.26 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Slæðingur 20.15 Bréfið 21.00 Í hosið 22.15 Lestur Passíu-sálma 22.25 Lódrétt eða lárétt  
23.10 Lifandi blús

**BYLGJAN** FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson  
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis  
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkvæðinu

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

7.05 Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni heldur áfram 7.30 Morgunvaktin 10.03 Brot úr degi 11.30 Íþróttaspjall  
12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlit Rásar 2 16.50 Spánarpistill Kristins R. Ólafssonar  
18.00 Kvöldfréttir 18.26 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir og Kastljósið 20.00 Útlit Samfés 21.00 Konsert með Elbow og Bell X1 22.10 Rokkland  
0.10 Glefsur 1.03 Ljúfir nærtútonar

**ÚTVARP SAGA** FM 99,4

7.00 Óskar Bergsson / Þórgímur Gestsson 8.00 Hrafnagjafi (e.) 9.03 Ólafur Hannibal. 10.03 Amþrúður Karlsd. -Fréttir & hlustendur 11.03 Amþrúður Karlsd. og íslenska þjóðin  
13.05 Ólafur Hannibalsson (e.) 14.03 Amþrúður Karlsd. - og íslenska þjóðin 15.03 Hallgrímur Thorsteinsson 16.03 Viðskiptaþátturinn  
17.05 Heiðsuhorn Gauja lita 18.00 Heil og sæl - heilsuþáttur (e.) 20.00 Ólafur Hannibal. (e.) 21.00 Amþrúður Karlsdóttir - Morgunspjall (e.)

**19.30 Íþróttir**  
Watford - Liverpool. Bein útsending frá leik Watford og Liverpool í undanúrslitum enska deildaríðikarins.

**SÝN**

16.30 Idol Extra 17.00 Jing Jang 17.45 Ólís-sport 18.15 David Letterman

19.00 The World Football Show (Fótbolti um víða veröld)

▶ **19.30 Enski boltinn** (Watford - Liverpool) Bein útsending frá síðari leik Watford og Liverpool í undanúrslitum deildaríðikarins. Rauði herinn er sigurstranglegri en enginn skyldi samt afskrifa Heiðar Helguson og félagi hans. Þess má geta að Watford hefur þegar slegið Portsmouth og Southampton út úr keppninni. Félagin mættust á Anfield fyrir hálfum mánuði.  
**22.00 Ólís-sport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.  
**22.30 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15 Enski boltinn** (Watford - Liverpool) **0.55 World Supercross**

**POPP TÍVI**

**7.00 Jing Jang** **12.00 Íslenski popp listinn** (e) **17.00 Jing Jang** **18.00 17 7** (e) **19.00 Crank Yankers** **19.30 Ren & Stimpy** (e) **20.00 Gary the Rat** **20.30 I Bet You Will** **21.00 Real World: San Diego** **22.00 Fréttir** **22.03 Jing Jang** **22.40 Idol Extra** (e) **23.10 Headliners** (e) **23.40 Meirí músík**

**15.50 The Powerpuff Girls** **16.15 Megas XLR** **16.40 Samurai Jack** **17.05 Tom and Jerry** **17.30 Scooby-Doo** **17.55 The Flintstones** **18.20 Looney Tunes** **18.45 Wacky Places**

**FOX KIDS**  
**7.15 Magic School Bus** **7.40 Tiny Planets** **7.50 Little Wizards** **8.15 Three Little Ghosts** **8.45 Sylvanian Families** **9.10 Happy Ness** **9.35 Bad Dog** **9.50 Three Friends and Jerry** **10.05 Dennis** **10.30 Life With Louie** **10.55 Inspector Gadget** **11.20 Gadget and Gadgetinis** **11.45 Black Hole High** **12.10 Lizzie McGuire** **12.35 Braceface** **13.00 Hamtaro** **13.25 Merville Mysteries** **13.50 Pokémon** **14.15 Digimon** **14.40 Spider-Man** **15.05 Sonic X** **15.30 Totally Spies**

**MGM**  
**8.00 The Wizard of Loneliness** **9.50 Lambada** (cannon) **11.35 The Last Time I Saw Archie** **13.15 Toys in the Attic** **14.45 Zero to Sixty** **16.25 Crossplot** **18.00 Some Kind of a Nut** **19.30 Texasville** **21.35 Purple Haze** **23.10 A Rage to Live** **0.50 Strictly Business** **2.15 Teenage Bonnie & Clyde** **3.45 I Want to Live!**

**TCM**  
**20.00 Lolita** **22.30 Mr Rico** **0.10 Edge of the City** **1.35 Betrayed** **3.25 The Best House in London**

**HALLMARK**  
**8.00 Skylark** **9.45 Jim Henson's Jack And The Beanstalk** **11.15 Early Edition** **12.00 Go Toward the Light** **13.45 Wounded Heart** **15.15 Skylark** **17.00 Jim Henson's Jack And The Beanstalk** **18.30 Early Edition** **19.30 Law & Order III** **20.30 A Nero Wolfe Mystery** **21.15 A Nero Wolfe Mystery** **22.15 Sally Hemings: An American Scandal**

# Nýr og enn betri Hyundai SANTA FE

Mikið rými

Ný hönnun

Ný 2.0 díselvél

Nýr drifbúnaður

» **Nýr Hyundai Santa Fe**  
**Verð frá kr. 2.690.000**

Santa Fe CRDi 4x4, 2.0 dísel, 112 hestöfl, sjálfskiptur. Dráttarafl 2300 kg.  
**Þú eignast hann fyrir kr. 2.990.000**  
**Bílasamningur kr. 39.900 á mánuði\***

**HYUNDAI**  
hefur gæðin

Með bílinn handa þér

**B&L Grióthálsi 1 575 1200 www.bl.is**

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanessbæ sími 421 4444  
Bifreiðaverkstæði Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436

Mánaðargjaldslur miðast við bílasamning. Ljósingur til 84 mánaða og 10% útborgun. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200.

F2


## Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ  
Við segjum fréttir



## HRÓSIÐ

HRÓSIÐ fær kötturinn Muri, sem er á barmi heimsfrægðar fyrir leik sinn í myndbandi Bjarkar Guðmundsdóttur, *Triumph of a Heart*. Spike Jonze leikstýrir myndbandinu, sem verður frum-sýnt innan skamms.



**Lárétt:** 1 uppspretta, 5 elskaði, 6 sögn, 7 ending, 8 smjörliki – a, 9 seig, 10 hvíldist, 12 skel, 13 snæða, 15 hreyfing, 16 sin, 18 skordýr.

**Lóðrétt:** 1 afar létt, 2 að utan, 3 ónefndur, 4, afi, 6 skinn í skó, 8 karlfugl, 11 fiskafæða, 14 sár, 17 lofttegund – **Lausn:**

**Lárétt:** 1 lind, 5 ann, 6 so, 7 un, 8 akr, 9 kræf, 10 lá, 12 aða, 13 éta, 15 íd, 16 taug, 18 maur.  
**Lóðrétt:** 1 lauffétt, 2 ím, 3 n, 4 forfætr, 6 skæði, 8 ara, 11 áta, 14 aum, 17 ga.

## [ VEISTU SVARID ]

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Níu.
- 2 Hamborg.
- 3 Elfriede Jelinek, Nóbelsverðlaunahafi í bókmenntum árið 2004.

# F2

Með Fréttablaðinu  
alla fimmtudaga

## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Conference bike eða ráðstefnuhjólíð.

**Sem er?** Þríhjól sem tekur allt að sjö sitjandi manneskjur. Einn sér um að stýra hjólinu en hinir sjá um að stíga pedalana. Þeir sem nenna ekki eða vilja hvíla sig frá pedulunum geta hvílt sig á milli og í raun þarf bara einn í einu til að knýja hjólíð áfram.

Hjólíð er tilvalið sem umhverfisvænn ráðstefnustaður.

Hægt er að slá nokkrar flugur í einu höggi með því að nota ráðstefnuhjólíð, það sam-einar meðal annars líkamsrækt, vinnu og skemmtun. Þeir sem sitja á hjólinu komast varla hjá því að ræða saman og læra um leið að treysta hver öðrum.

**Sagan?** Hjólíð var fundið upp af þýskum verkfræðingum og er smíðað í Þýskalandi. Því má með sanni segja að í hjólinu sé að



finna „þýska stálið“ enda endist það von úr viti. Hönnuður þess er Eric Staller sem hefur hannað mörg skritin farartæki svo sem ljósabjölluna, sem var ljósum skreytt VW-bjalla. Staller ferðaðist víða um heim í leit að skemmtilegu farartæki og eftir að hafa kynnt sér fjölnota tæki víða um heim komst hann að þessari niðurstöðu. Ráðstefnuhjólíð er notað úti um allan heim, meðal annars fyrir ferðamenn í Berlín, fyrir viðskiptamenn í London og fyrir blinda í Dubai.

**Kostar?** Ráðstefnuhjólíð kostar um 9.500 evrur, eða tæpar 800 þúsund krónur, en svo bætast skattar og flutningsgjöld ofan á. Nánari upplýsingar um hjólíð má finna á heimasíðunni [www.conferencebike.com](http://www.conferencebike.com). Þar má meðal annars sjá myndband um hjólíð og það fer ekki milli mála að gleðin skín úr augum þeirra sem nota það.



**GÖNGUGARPARNIR** Félagarnir Ingþór, Ásgeir og Helgi Kristjánsson við troðarann góða sem þeir keyptu fyrir eina og hálf milljón.

FRUMKVÖÐLAR Á HÚSAVÍK: TROÐA BRAUT FYRIR SKÍÐAGÖNGUFÓLK

# Pólfari keypti snjótroðara

Bræðurnir Ásgeir og Helgi Kristjánssynir, í samvinnu við pólfarann Ingþór Bjarnason, keyptu fyrir ári síðan snjótroðara sem þeir félagar hafa notað til að troða gönguskiðabraut í Aðaldalshrauni. Brautin er opin öllum sem vilja en þeir félagar lögðu út eina og hálf milljón fyrir troðaranum.

„Þetta byrjaði nú á því að við fórum að nota gönguskiðin fyrir fimm árum. Okkur vantaði svæði til að æfa á og tæki til að troða braut. Við keyptum því snjótroðarann af skíðafélaginu Fönn í Breiðholti en troðarinn var áður

notaður í Skálafelli,“ útskýrir Ásgeir. „Við erum búnir að búa til fimm kílómetra braut í Aðaldalshrauninu og það er nokkuð góð braut.“

Aðsóknin hefur ekki látið á sér standa eftir að troðarinn kom norður. „Það er mikill fjöldi byrjaður á gönguskiðum og hann fer vaxandi. Eg reyni að troða á hverjum degi, þegar veður leyfir,“ segir Ásgeir en það tekur um klukkutíma að troða göngubrautina. „Svo eru menn misjafnlega fljótir að labba hana.“

Félagarnir hófu skíðagöngu til

að koma sér í betra form, enda orðnir feitir og þungir, að eigin sögn: „Við ætluðum að ná af okkur kílónum og svo vatt þetta upp á sig,“ segir Ásgeir en þeir félagar hafa komið víða við á gönguskiðunum, þar á meðal farið í sex daga leiðangur á Vatnajökul og Hvannadalshnjúk. „Við fórum í Vatnsgönguna í Svíþjóð í hittíðfyrra og stefnum á að fara aftur á næsta ári. Sú ganga er níutíu kílómetrar,“ segir skíðakappinn.

Ásgeir segir það gott að hafa Ingþór Bjarnason með í hópnum enda hefur hann gríðarlega

reynslu, reyndi meðal annars við Norðurpólinn ásamt Haraldi Erni Ólafssyni. „Ingþór hefur hvatt okkur áfram og stjórnað þessu. Það er nauðsynlegt að hafa hann, hann ráðleggur okkur og þjálfar.“

Ekki er mikil hefð fyrir gönguskiðum á Húsavík en Ásgeir vonast til að breyting verði þar á. „Við eigum von á því að ef unga fólkíð fæst til þess að ganga fáum við góða skíðagöngumenn í kjölfarið,“ segir Ásgeir sem vill sjá sem flesta í brautinni. „Við gleðjumst ef við sjáum fleiri í brautinni.“

[kristjan@frettabladid.is](mailto:kristjan@frettabladid.is)

## Dagur Kári hlýtur bjartsýnisverðlaun

Íslensku bjartsýnisverðlaunin fyrir árið 2004 voru í gær veitt Degi Kára Péturssyni, kvikmyndaleikstjóra og tónlistarmanni. Verðlaunin hafa fyrir löngu áunnið sér virðingu og viðurkenningu enda hafa margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar hlotið verðlaunin. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Dagur Kári sannað sig sem listamaður, bæði með hinni vinsælu kvikmynd um Nóa albinóa, sem og með hljómsveit sinni Slowblow. Dagur Kári er nú að ljúka við gerð myndarinnar Voksne mennesker (Fullorðið fólk).

Alcan á Íslandi hefur verið bakhjarl verðlaunanna frá árinu 1999 þegar upphafsmaður þeirra, Daninn Peter Brøste, afhenti þau í síðasta sinn.

Þetta er í 24. skiptið sem þessi verðlaun eru veitt og hafa meðal annars Þorgerður Ingólfssdóttir, Helgi Tómasson, Kjartan Ragn-



**BJARTSÝNISVERÐLAUNIN** Dagur Kári Pétursson fékk íslensku bjartsýnisverðlaunin í gær.

arsson, Einar Már Guðmundsson, Björk Guðmundsdóttir og Andri Snær Magnason hlotið verðlaunin í gegnum árin.

„Þetta er bæði hugsað sem viðurkenning fyrir það sem vel

hefur verið gert og hvatning. Við erum að vonast til þess að það fólk sem hlýtur verðlaunin verði langlíft í sínu fagi,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi. ■

# Janúartilboð

**99%  
AFSLÁTTUR!**

## Möppur

Með glærri forsiðu- 10 litir  
Vörunúmer: 140200100...

**Verð áður 29,-**

**Óbýrt** **Aðeins**  
**1 kr.**  
**pr. stk.**

**50%  
AFSLÁTTUR!**

## SONY Geisladiskar

Sony skrifanlegir  
geisladiskar 700MB  
• 700 MB • Hver diskur í hulstri  
• 10 stk. í pakka

**490,-**

**Verð áður 990,-**

## Fjölnotataeki

HP OfficeJet 4255 All-in-one

Q5611A



Prentari, fax, skanni, ljósritun og innbyggður sími  
Prenttækni: HP Thermal Inkjet  
Bl. á mín. A4: Allt að 17 í svörtu, 12 í lit  
1200x1200dpi í svörtu, 4800x1200dpi í lit  
Photoret III, Photoret IV með ljósmyndahylki

**16.990,-**

**Verð áður 19.900,-**

**100 saman  
í pakka**

## Gatapokar

Vandaðir gapapokar A4.  
Vörunúmer: 672430008-EG1

**199,-**

**Verð áður 495,-**

**60%  
AFSLÁTTUR!**

## Kúlupenni

Officemate kúlupennar með  
gúmmigripi. Til í bláu og svörtu.  
Vörunúmer: 6724460...

**50 í kassa**

**Verð á kassa**

**1.295,-**

**Verð áður 1.750,-**

**26%  
AFSLÁTTUR!**

**MAGNAKAUP**

## Ljósritunarpappír

A4 - 500 blöð í pakka 80 gr.  
Rykfrír og mjög þéttur pappír.  
Pappír sem tæknimennirnir mæla  
hiklaust með. 5 pakkar í kassa.  
Vörunúmer: 1601007010-OFF

**1 pakki**  
**299,-\***

**1 kassi**  
**1.495,-**

\*ef þú kaupir kassa

## Blaðabakkar

Fallegir plastbakkar í mörgum litum.  
Vörunúmer: 35010...

**295,- pr. stk.**

**Verð áður 395,-**

## Happdrætti í janúar!

Þeir sem panta fyrir 10.000 eða meira hjá  
fyrirtækjþjónustu Office 1 í janúar - fara í pott  
og eiga möguleika á glæsilegum vinningum.

### Vinningar:

- 1. Helgarferð fyrir tvo til Parísar.\***  
Flug og gisting í þrjár nætur.
- 2. Helgarferð fyrir tvo til London.\***  
Flug og gisting í tvær nætur.
- 3.-6. Vandaður Denver DVD-spilari.**
- 7.-15. 70 mínútur spilið.**

**Sjáumst í París!  
Úllalla!!!**



\* Gildir í febrúar 2005



## Fyrirtækjþjónusta

Í fyrirtækjþjónustu Office1 starfa einstaklingar með mikla þekkingu á  
skrifstofu- og rekstarvörum. Endilega hafðu samband og fáðu upplýsingar  
um viðskiptakjör og þjónustuvæðinguleika.

### Office 1 - Reykjavík

Pantanir 550 4111  
Fax 550 4101  
pontun@office1.is  
www.office1.is

### Office 1 - Akureyri

Pantanir 550 4125  
adils@office1.is

### Office 1 - Egilsstaðir

Pantanir 471 3881  
egilsstadir@office1.is

Við sendum frítt á höfuðborgarsvæðinu eða til næsta flutningsaðila ef  
verslað er fyrir meira en 7.000 krónur og samdægurs ef pantað er fyrir  
klukkan 12 á hádegis, en annars næsta virkan dag.

Fyrirtækjþjónustan er opin alla virka daga frá 8:30 - 17:00

Pantanir 550 4111  
Fax 550 4101  
www.office1.is  
pontun@office1.is

Fleiri en 400 verslanir  
í 24 löndum!



Office 1 Superstore  
-um víða veröld!

# Office 1 Superstore

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Frumskýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT  
2. sýning 13. febrúar kl. 19 – FÁAR SÝNINGAR

TOSCA

Miðasala á netinu: www.opera.is

Netfang miðasölu: midasala@opera.is • Sími miðasölu: 511 4200



ÍSLENSKA ÓPERAN



## BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU  
GUNNARSDÓTTUR


## Orum skorin framfærðarsýn

Fátt er betra en hinn væri blundur, að fá að dotta og ranka bara við sér til að kinka kolli brosandis og detta svo aftur út. Þannig er frónverjum kannski ágætlega lýst. Þeir láta gossa, yppa öxlum kæruleysislega, eru sammála síðasta og treysta því að málin reddist og séu í góðum höndum á meðan þeir fá sér krúu. Þeir eru hrekklaur og búast ávallt við því besta í stað þess versta, treysta á skjótfenginn gróða og skyndilausnir. Inn á þing streyma fjöldaframleiddir ungliðar flokkanna svo endurnýja megi sama fólkið aftur og aftur, steypa í gamalt mót og endurnýta. Viðsýni, þekking og fjölbreytni eiga sér ekki stað í ofurstórum mosavöxnum flokksvélum sem keyra áfram á afli einnar hugsunar.

**VIRKJANIR** og stóriðja eru örum skorin framfærðarsýn sem tíu náttúruverndarsamtök sýna nú á Íslandskorti. Þar má sjá áhrif stóriðju á ævintýraeyjunni eftir fimmtán ár ef stjórnmöld fá sínu fram – glæst sýn fyrir þjóð sem eitt sinn státaði af ósnortnum víðernum og lagði ofuráherslu á náttúruvæna ímynd í samfélagi þjóða. Og röddin er hávær því ríkisfyrirtækið Landsvirkjun ver stórum fjárhæðum af almannafé í kynningar á framfærðarsýninni. Það gengur í digra sjóði sem talsmenn náttúruverndar eiga ekki að ganga að.

**SLYNGIR** viðskiptajöfrar gætu haldið langar ræður á námsstefnum um hve heimskulegt það væri hverju fyrirtæki að sólunda fjársjóðum sínum, veðsetja höfuðstólinn og leggja gersamarnar í óáreiðanlegar fjárfestingar. Þeir myndu ráðleggja áhættudreifingu, nýsköpun, fjölbreytni og egg á við og dreif í mörgum körfum og ætli þeir myndu ekki ráðleggja að náttúruperlurnar yrðu geymdar í læstu bankahólfum sem fjöregg framfærðar. Þeir myndu benda á talandi dæmi nýsköpunar og verðmætasköpunar þar sem fjölmargir landsmenn eru brimbrjótar.

**ÞVÍ MIÐUR** sitja ekki klókir viðskiptarísar, sigldir menn og ímyndarfræðingar við stjórnmölinn á þjóðarskútunni, heldur einsleitur her fjöldaframleiddra flokkshesta með framfærðarsýnir í kjörtímabilum. En það er ljós í myrkri því innan um og saman við hljóma raddir viðsýni og fjölbreytni. Þær eru lágværar, en ef við hættum að dorma, hristum af okkur slenið og hlustum er enn von um að örum skorið Ísland verði ekki að veruleika árið 2020.




Lancer Evolution

## Lækkad verð á Lancer

# 1.785.000 kr.

Álfelgur, vetrardekk og vindskeið innifalin í verði



Afborgun á mánuði er **22.991 kr.** miðað við  
Bílasamning SP til 7 ára og 178.500 kr. útborgun.

**Takmarkað magn!**

Núna er tækifærið til að eignast stórglæsilegan, sérútbúinn Mitsubishi Lancer á áður óþekktu verði. Lancer er einstaklega vel búinn miðað við sambærilega bíla og árangur hans í rallykeppnum undanfarin ár talar sínu máli. Niðurstaðan blasir við: Lancer er málið!

MITSUBISHI LANCER

DRIVE ALIVE



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnes, sími 437 2100 · HEKLA, Ísaför, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarför, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanestæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 · HEKLA, Laugavegi 170-174, sími 590 5000 · www.hekla.is, hekla@hekla.is

100%  
veðsetningarhlutfall

## Frjáls íbúðalán

# 4,15%

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði  
um önnur  
bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.  
Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000  
eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

**FRJÁLSI**  
FJÁRFESTINGARBANKINN  
www.frjalsi.is